



Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum: Viðhorf og umhverfisáhrif

Kristín Thelma Birgisdóttir
Þorgerður Anna Atladóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2019**

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum: Viðhorf og umhverfisáhrif

Kristín Thelma Birgisdóttir
Þorgerður Anna Atladóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinendur
Edda R. H. Waage
Ásdís Aðalbjörg Arnalds

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, maí 2019

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum: Viðhorf og umhverfisáhrif
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2019 Kristín Thelma Birgisdóttir og Þorgerður Anna Atladóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Kristín Thelma Birgisdóttir og Þorgerður Anna Atladóttir, 2019, *Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum: Viðhorf og umhverfisáhrif*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 60 bls.

Útdráttur

Mikil vöntun er á rannsóknum á sviði ferðamálafræða hvað varðar umhverfisáhrif sem kunna að eiga sér stað á meðan Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum stendur yfir. Með þessari ritgerð er ætlunin að vekja athygli á umhverfisáhrifum í Herjólfssdal sem er einnig viðfangsefni ritgerðarinnar. Hamingja, ást og gleði er lýsandi fyrir Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Markmið þessarar rannsóknar er að fá skilning á upplifun þeirra sem sækja hátíðina sem og þeirra sem búsettir eru í Vestmannaeyjum hvað varðar umhverfisáhrif sem hátíðin gæti haft í för með sér. Framkvæmd var rannsókn með könnunarraðsniði þar sem tekin voru fjögur viðtöl, tvö við heimamenn annars vegar og tvö við gesti hins vegar. Niðurstöður leiddu í ljós að umhverfisáhrif eru ekki ofarlega í huga heimamanna né gesta. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum snýst fyrst og fremst um að vera umvafin/n sínum nánustu og skapa minningar. Spurningakönnun ætluð gestum var send út á *Facebook*-síðum höfunda og inn á *Facebook*-síðuna Heimaklettur fyrir heimamenn. Niðurstöður leiddu í ljós að langflestir heimamenn telja hátíðina vera fjölskylduhátíð. Þjóðhátíðarlögin skipa stóran sess í upplifun af hátíðinni að mati gesta og heimamanna. Eyjamenn eru töluvert neikvæðari fyrir þeirri hugmynd að auka umfjöllun um umhverfisáhrif í Herjólfssdal. Mikil spenna ríkir meðal gesta og heimamanna þegar hátíðin gengur í garð ár hvert en gott væri að finna lausn á þeim umhverfisáhrifum sem hátíðin hefur í för með sér. Flestir þátttakendur rannsóknarinnar leita að ruslatunnum á svæðinu og stuðla þar með að betri umgengni í Herjólfssdal.

Abstract

There is a lack of research in the field of tourism in terms of environmental effects that may occur during the National Festival in the Westman Islands. The purpose of this thesis is to draw attention to the environmental impact in Herjólfssdalur, which is also the subject of the thesis. Happiness, love and gathering are descriptive of the National Festival in the Westman Islands, but the aim of this study is to gain an understanding of the experience of those who attend the festival as well as those who live in the Westman Islands in terms of environmental impact. Implementation was a survey section using four interviews with local residents and visitors. The results revealed that environmental impacts are not high in the minds of local people or visitors. A national festival in the Westman Islands is primarily about being surrounded by their closest and creating memories. A questionnaire intended for guests was sent out to a Facebook group called Þjóðhátíð í Eyjum and Vestmannaeyjabær for locals. The results revealed that by far the majority of locals consider the festival to be a family celebration. The National Holidays Act creates a great place in the experience of the festival in the opinion of guests and the worlds. The locals are considerably more negative for the idea of increasing the discussion on the environmental impact in Herjólfssdalur. Most participants of the study are looking for trash cans in the area. There is a lot of excitement among visitors and locals when the festival takes place every year, but it would be good to find a solution to more environmentally friendly entertainment.

Okkur langar að tileinka þessa ritgerð ömmum okkar heitnum. Í gegnum skrifin misstum við báðar ömmu með stuttu millibili.

Formáli

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er hátíð sem flestallir Íslendingar ættu að kannast við. Við val á ritgerðarefni kom Þjóðhátíð mjög fljótt upp í huga okkar, aðallega vegna þess að hátíðin er þýðingarmikil fyrir okkur og eigum við margar góðar minningar frá henni. Eftir að hafa stundað nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands opnuðust augu okkar fyrir því að hátíðir sem þessar geta haft mikil umhverfisáhrif í för með sér.

Við höfum farið nokkrum sinnum á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og alltaf skemmt okkur konunglega. Þegar við hugsum um upplifun okkar af hátíðinni er okkur efst í huga sönn íslensk upplifun með tilheyrandi gítarstemmingu, lopapeysum, útilegu og tónleikum í náttúrunni í alls kyns veðrum. Einstakt er að fara í góðra vina hópi og skemmta sér á Þjóðhátíð. Það er í raun og veru lokapunktur sumarsins.

Okkar hugmynd af upplifun gesta er sú að margir hverjir séu að leita eftir tveggja til fjögurra daga fylleríi. Gista í tjöldum með nánustu vinum og eru hamingjusamir með það. Við þekkjum til gesta sem hafa tengingu til Vestmannaeyja. Þeir gestir gætu verið að koma til að njóta fegurðinnar í Vestmannaeyjum, koma jafnvel í vikunni fyrir hátíðarhöldin og taka þátt í undirbúningi og fara seinna heim. Heimamenn leggja eflaust meira upp með að halda í hefðina og líta á Þjóðhátíð sem fjölskylduhátíð og hluta af samfélagi þeirra og fortíðinni.

Þá er mikið um drykkju sem oft fylgja neikvæðar afleiðingar eins og ofbeldi, eiturfjámál og kynferðisbrot. Eftir því sem að við best vitum er reynt með aukinni gæslu á svæðinu að koma í veg fyrir þessa þætti, en sennilega verður erfitt að útrýma þeim alveg. Okkur finnst þetta afar neikvætt fyrir hátíðina í heild og vonum að hægt sé að koma í veg fyrir þessi mál. Við teljum einnig að hátíðin hafi slæm áhrif á umhverfið. Brekkan í Herjólfssdal er þéttsetin og yfir hápunkt hátíðarinnar eru allt að 15.000 manns sem koma saman og skemmta sér en umgengnin er þeim ekki öllum til sóma. Við teljum mikilvægt fyrir rannsóknina að sjá hvort gestir hátíðarinnar sem og heimamenn hafi leitt hugann að þessum áhrifum sem geta fylgt hátíðinni. Þó að við teljum að þessir þættir sem eru nefndir hér að ofan varpi skugga á hátíðina er okkur annt um hag hátíðarinnar og því varð þetta viðfangsefni fyrir vali þessa lokaverkefnis. Það jákvæða, skemmtunin og góðar minningar í góðra vina hópi er það sem stendur upp úr og er það sú ímynd sem við viljum halda á lífi. Við vonumst til að neikvæðir fylgifyrirlit hátíðarinnar komi ekki í veg fyrir að við förum á Þjóðhátíð því þetta er skemmtun og minningar sem við viljum ekki að hverfi.

Önnur okkar fékk boð á tónleika sem haldnir voru í Hörpunni í janúar 2019, svokallaða Vestmannaeyjatónleika. Margir af helstu söngvurum landsins stigu á stökk og fluttu þjóðhátíðarlög gömul og ný. Þarna kom saman fólk á öllum aldri sem hefur flest einhverja tengingu við Vestmannaeyjar og Þjóðhátíð og nýtur þess að koma saman. Þetta er gott dæmi um það hvað Þjóðhátíð er merkilegur atburður í lífi margra og þótt tónleikarnir hafi farið fram í janúar þá er fólk greinilega alltaf spennt fyrir Þjóðhátíð og vekur það sennilega upp ljúfar minningar að heyra gömul þjóðhátíðarlög.

Efnisyfirlit

Myndir	xi
Þakkir.....	xiii
1 Inngangur.....	1
2 Fræðileg umfjöllun rannsóknar.....	3
2.1 Viðburðaferðamennska.....	3
2.2 Sjálfbær þróun	4
2.2.1 Sjálfbær ferðamennska.....	6
2.2.2 Sjálfbær viðburðaferðamennska (e. Event sustainability).....	6
2.3 Umhverfisáhrif af völdum skipulagðra viðburða	8
2.4 Mengun frá fólksflutningum.....	8
2.5 Upplifun ferðamanna af umhverfisáhrifum	9
2.6 Samantekt	10
3 Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum	13
4 Aðferðafræði.....	17
4.1 Rannsóknarsnið.....	17
4.2 Aðferðir eigindlegrar rannsóknar	17
4.2.1 Gagnaöflun.....	18
4.2.2 Gagnagreining	19
4.3 Aðferðir meginlegrar rannsóknar	19
4.3.1 Þátttakendur.....	20
4.3.2 Mælitæki.....	22
4.3.3 Gagnaöflun.....	22
4.3.4 Úrvinnsla gagna.....	22
5 Eigindlegar niðurstöður.....	23
5.1 Heimamenn.....	23
5.1.1 Upplifun af Þjóðhátíð	23
5.1.2 Upplifun af hátíðardagsskrá	25
5.1.3 Upplifun af umhverfisáhrifum	26
5.2 Gestir.....	28
5.2.1 Upplifun af Þjóðhátíð	28
5.2.2 Upplifun af hátíðardagsskrá	29
5.2.3 Upplifun af umhverfisáhrifum	30
6 Meginlegar niðurstöður.....	33
6.1 Hátíðin	33
6.2 Umgengni	34
6.3 Viðhorf til umgengni	36
6.4 Viðhorf til umhverfisáhrifa.....	37

7 Umræður.....	41
8 Lokaorð.....	45
Heimildir.....	47
Viðauki A – Viðtalsrammi.....	53
Viðauki B – Kynning á viðfangsefni rannsóknarinnar og rannsakendum.....	54
Viðauki C - Yfirlýsing um upplýst samþykki.....	55
Viðauki D – Spurningakönnun.....	56
Viðauki E – Valin Þjóðhátíðarlög.....	59

Myndir

Mynd 1: Brekkan í Herjólfsdal með tendruðum blysum	14
Mynd 2: Loftmynd af hátíðarsvæðinu	16
Mynd 3: Hvar býrð þú?	20
Mynd 4: Síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð, hvar gistir þú?	21
Mynd 5: Ef þú býrð ekki í Vestmannaeyjum, hvernig fórst þú til Vestmannaeyja síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð? *Hér mátti velja fleiri en einn valmöguleika	21
Mynd 6: Hvers konar hátíð er Þjóðhátíð að þínu mati? *Hér má velja fleiri en einn valmöguleika	33
Mynd 7: Hvaða þýðingu hafa þjóðhátíðarlögin fyrir þig? Hér má velja fleiri en einn valmöguleika	34
Mynd 8: Þegar þú varst á Þjóðhátíð síðast, nýttir þú þér salernisaðstöðuna þar?	35
Mynd 9: Síðast þegar þú varst á Þjóðhátíð, hvað gerðir þú oftast við ruslið? Hér má velja fleiri en einn valmöguleika	35
Mynd 10: Ef þú hugsar um umgengni í Herjólfsdal á Þjóðhátíð, finnst þér umgengnin heilt á litið vera góð eða slæm?	36
Mynd 11: Hverja telur þú vera bestu leiðina til að minnka umhverfisáhrif í Herjólfsdal?	37
Mynd 12: Myndir þú bregðast vel eða illa við aukinni umfjöllun um umhverfisáhrif á Þjóðhátíð?	38
Mynd 13: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú flugeldasýninguna hafa á umhverfið?	38
Mynd 14: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú umgengni hafa á umhverfið?	39
Mynd 15: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú ferðalög fólks til og frá Vestmannaeyjum hafa á umhverfið?	39
Mynd 16: Telur þú þig stuðla að mikilli eða lítilli kolefnislosun með leið þinni til Vestmannaeyja?	40

Þakkir

Fyrst og fremst viljum við þakka viðmælendum okkar fjórum sem sýndu rannsókninni mikinn áhuga og voru tilbúnir að gefa sér tíma til að hitta okkur. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku sig til og svöruðu spurningakönnuninni sem send var út á Facebook. Við viljum þakka þeim fyrir að hjálpa okkur við framkvæmd rannsóknarinnar. Við viljum þakka leiðbeinandanum okkar, Eddu R. H. Waage, hjartanlega fyrir góða leiðsögn og fyrir að vera alltaf til staðar þegar á reyndi. Án hennar hefðum við ekki getað skilað inn svona vel unnu verkefni. Við viljum þakka Ásdísi Aðalbjörgu Arnalds kærlega fyrir aðstoð hennar við meginlega hluta rannsóknarinnar. Við viljum þakka Emil fyrir alla þá þolinmæði sem hann hefur sýnt okkur. Að lokum viljum við þakka foreldrum okkar fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum allt ferlið og yfirlestur á ritgerðinni.

1 Inngangur

Hvað er betra en hamingja, ást og gleði og að vera umvafin/n fjölskyldu og vinum í fallegru náttúru? Sennilega er ekki margt betra en það. Upplifun af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er oft lýst með ofangreindum hætti. Hátíðarhöldin standa yfir í þrjú daga með tilheyrandi dagskrárliðum. Alltaf eru fastir dagskrárliðir sem eiga sér stað yfir helgina og ber þá helst að nefna brennu, flugeldasýningu, brekkusöng og blys sem ávallt setja stóran sess í upplifun viðstaddra. Barna- og fjölskylduskemmtun er alltaf á dagskrá á laugardegi og sunnudegi svo þegar kvöldu tekur halda börnin heim og eldri kynslóðin tekur við með tilheyrandi skemmtun. Því má segja að á Þjóðhátíð sé eitthvað að finna fyrir alla aldurshópa. Í júlí ár hvert er lag kynnt sem tilheyrir hátíðinni og er það kallað þjóðhátíðarlag. Mikil eftirvænting er ávallt fyrir þessu tiltekna lagi sem og flytjanda þess. Gestir hafa nokkrar vikur til að venjast laginu og læra textann til að taka þátt í frumflutningnum sem fer svo fram í Herjólfsdal við mikinn fögnuð gesta.

Síðustu ár hafa gestir verið á bilinu 12 til 15 þúsund sem koma saman í Herjólfsdal til að njóta hátíðarinnar. Fæstir leiða þó sennilega hugann að því hvaða umhverfisáhrif hátíðin hefur í för með sér. Aðalmarkmið helgarinnar er að njóta og hafa gaman. Til að komast til Vestmannaeyja eru tvær samgönguleiðir notaðar, flugvél eða skip. Herjólfur siglir frá Landeyjarhöfn og/eða Þorlákshöfn og hægt er að fljúga frá hinum ýmsu stöðum til Vestmannaeyja. Þessar samgönguleiðir hafa mikla kolefnislosun í för með sér. Vestmannaeyjar eru litlar eyjur staðsettar á Suðurlandi og er Heimaey stærst þeirra, 13,4 km² að stærð. Því má einnig draga þá ályktun að þegar þessi gífurlegi fjöldi gesta kemur saman á litlu svæði muni það hafa hafa áhrif á samfélagið og náttúruna. Gestir eru mættir til að skemmta sér og flestir með áfengi við hönd langt fram á nótt úti í náttúrunni og er umgengnin eftir því. Flöskur, rusl, matarleifar og margt annað er að finna á víð og dreif um Herjólfsdal. Hátíðargestir sitja í brekkunni í Herjólfsdal og njóta hátíðarinnar í allskyns veðrum. Það má því álykta að slíkt hafi ekki góð áhrif á náttúruna í Herjólfsdal, einkum í verstu veðrum þegar mikil drulla myndast í brekkunni í bland við allt sorpið sem þar myndast yfir hátíðina.

Markmið rannsóknarinnar er að leita skilnings á upplifun og viðhorfum gesta og heimamanna til Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum með sérstakri áherslu á umhverfið og málefni sem því tengjast. Lagt er upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- *Hvernig upplifa gestir og heimamenn Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?*
- *Hvert er viðhorf gesta og heimamanna til umhverfisáhrifa í Herjólfsdal?*

Til þess að geta svarað þessum spurningum var framkvæmd viðtalsrannsókn sem fjórir einstaklingar tóku þátt í, tveir þjóðhátíðargestir og tveir heimamenn. Í framhaldi af því var gerð könnun á upplifun gesta Þjóðhátíðar og heimamanna í Vestmannaeyjum.

Ritgerðinni er skipt upp í átta kafla. Að loknum þessum inngangi verður fjallað um viðburðaferðamennsku og sjálfbærni. Umhverfisáhrif af völdum skipulagðra viðburða eru talin vera frekar mikil og verður farið yfir þá þætti sem geta haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og hvað sé hægt að gera til að draga úr þeim áhrifum. Að því loknu verður rýnt

í upplifun ferðamanna í fræðilegri umfjöllun. Þar á eftir er kafli helgaður Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þar sem gerð verður grein fyrir hátíðinni, sögunni og öllu því sem á sér stað í Herjólfsdal fyrstu vikuna í ágúst ár hvert. Fjórði kafli er kafli aðferðarfræðinnar þar sem farið verður yfir gagnaöflun rannsóknarinnar og úrvinnslu gagna. Þar á eftir, í kafla fimm, verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Fyrst verður greint frá niðurstöðum úr viðtalsrannsóknnum og í framhaldi af því verða niðurstöður meginlegar rannsóknar kynntar. Í lok ritgerðar má finna umræðukafla og lokaorð þar sem rannsóknarspurningum verður svarað og niðurstöður bornar saman við fræðilega umfjöllun ritgerðar ásamt tillögum til úrbóta og hugmyndum af frekari rannsóknnum á þessu sviði.

2 Fræðileg umfjöllun rannsókna

Í þessum kafla verður almennt fjallað um hugtakið viðburðaferðamennska. Hugtakið nær í raun yfir skipulagðar ferðir ferðamanna sem ferðast frá heimilum sínum í þeim tilgangi að taka þátt í allskyns viðburðum. Því næst verður fjallað um sjálfbæra þróun sem hefur mikið verið í umræðunni síðustu áratugi og er afar mikilvæg þróun sem stuðlar að aukinni velferð fyrir mannkynið. Í kjölfarið verða umhverfisáhrif tekin fyrir sem kunna að eiga sér stað í kringum skipulagða viðburði líkt og hljóðmengun og mengun af völdum fólksflutninga. Slíkt helst í hendur við það hvernig ferðamenn upplifa ferðamannastaði.

2.1 Viðburðaferðamennska

Hugtakið viðburðaferðamennska (e. event tourism) kom fyrst fram í kringum 9. áratug síðustu aldar. Getz (1989) markaði upphaf notkunar hugtaksins þegar hann birti grein sína *Special Events: Define the Product*. Viðburðaferðamennska nær yfir alla skipulagða viðburði, allt frá lítilli bæjarhátíð upp í stærri hátíðir. Viðburðaferðamennska snýst fyrst og fremst um það að ferðast sé burt frá heimaslóðum sínum til að upplifa viðburð. Þegar komið er á áfangastað hegða gestir sér með öðrum hætti en þeir gera venjulega og brjóta upp myndur hversdagsleikans (O'Sullivan & Jackson, 2002).

Hátíðarferðamennska (e. festival tourism) helst oft í hendur við viðburðaferðamennsku. Hátíð er flókið fyrirbæri sem þjónar miklum tilgangi hvað varðar lífsgleði á tilteknum tíma og er upplifun ólík meðal gesta (Richards, 2007). Hátíðir spila einnig stórt hlutverk meðal heimamanna og hafa ávallt sérstakan stað í hjarta samfélagsins. Alltaf má finna ákveðið þema á hátíðum og er ætlunin með því að stuðla að ákveðinni reynslu og upplifun gesta (Getz, 2010).

Hægt er að flokka viðburði í þrjú ólíka hópa og er hátíð ein þessara tegunda. Viðburður er hugsaður sem aðdráttarafl en einnig til að auka áhuga ferðamanna til áfangastaðarins sem og bæta ímynd hans. Hóparnir þrjú eru gæðaviðburðir, stórviðburðir og staðbundinn viðburður. Staðbundinn viðburður er sá viðburður sem tengist þeirri rannsókn sem hér er fjallað um. Slíkir viðburðir eru haldnir á sama stað ár hvert og er bundinn samfélagi og menningu samfélagsins (Getz, 2010).

Viðburðaferðamennsku má túlka sem atvinnugrein þar sem mesti drifkrafturinn er efnahagslegur ávinningur (Getz, 2008). Viðburðaferðamennska er sú tegund ferðamennsku sem talið er að muni farnast best í framtíðinni. Hlutverk hátíða í ferðapjónustu felur í sér að laða að ferðamenn til ákveðinna staða á vissum árstímum (Richards, 2007). Hátíð skapar mikilvæga eftirvæntingu og afþreyingu en gegnir einnig einstöku hlutverki í samfélögum þar sem afþreyingin eykur meðal annars innkomu fjármagns. Hátíðargestir eru tilbúnir til þess að borga háar upphæðir fyrir það eitt að fá aðgang að afþreyingunni á meðan umhverfið sjálft skiptir minna máli fyrir þessa gesti (Getz, 2010). Hvati til að sækja hátíðir hefur lengi verið rannsakaður og hafa tengsl milli gæða, ánægju og hegðunar eða framtíðarhugmynda

verið mótaðar og settar fram (Richards, 2007).

Áhrif af völdum viðburðaferðamennsku hafa verið til rannsóknar, þá sérstaklega þau jákvæðu áhrif sem af þeim hljóttast, þ.e. fjármagn og sálræn áhrif. Þau neikvæðu áhrif sem hátíðir kunna að hafa á áfangastaði hafa ekki verið rannsökuð nægilega vel (Richards, 2007). Skynsamlegt er að stuðla að því að efla þróun sjálfbærni í ferðaþjónustugeiranum. Hluti af sjálfbærni í ferðamennsku er sú að heimamenn þurfa að hafa jákvætt hugarfar gagnvart þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að hafa góð áhrif á upplifun ferðamanna en einnig til að viðhalda aðdráttarafli áfangastaðarins. Þó er mikilvægt að huga að því að viðburður sé í samræmi við þarfir heimamanna og samfélags. Ef heimamenn samþykkja ekki hátíðina er líklegt að þeir muni ekki sækja hana og þar með missir hún aðdráttarafli sitt að miklu leyti (Waite, 2003).

2.2 Sjálfbær þróun

Sjálfbærni og sjálfbær þróun eru hugtök sem lengi hafa verið á yfirborðinu á heimsvísu. Alþjóðleg merking hugtaksins sjálfbær þróun á rætur sínar að rekja til umræðu um umhverfismál en skilgreining á hugtakinu er eftirfarandi: „sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum” (Brundtland, 1987, bls. 43). Sjálfbær þróun fjallar um hvernig stuðla skuli að aukinni velmegun fyrir mannkynið um leið og staðinn er vörður um auðlindir jarðar (Whitehead, 2014). Þegar skoða á hugtakið sjálfbær þróun þarf að líta til umhverfissjónarmiða, félagslegrar velferðar og efnahagsvaxtar. Mikilvægt er að skoða samhengi þessara þátta (Whitehead, 2014; Umhverfissráðuneytið 2002).

Sjálfbær þróun á rætur sínar að rekja til Stokkhólmsráðstefnunnar (United Nations, 1972) en þar var í fyrsta skipti bent á að umhverfisvernd væri mögulega vandi yfirstéttar Vesturlanda. Árið 1972 höfðu Vesturlöndin verið að leggja undir sig auðlindir sem og að byggja upp efnahag í sínum ríkjum. Loks kom að því að Vesturlöndin áttuðu sig á því að grípa þyrfti til aðgerða og að hugsa um umhverfið á sama tíma og að vernda náttúruna. Þriðja heims ríkin voru þá á þeim stað að vilja feta í fótspor Vesturlandanna hvað varðar þróun en voru stöðvuð vegna umhverfisverndar (United Nations, 1972).

Í kjölfar Stokkhólmsráðstefnunnar var farið að huga að hvar vandamálið lægi og hvernig væri hægt að bregðast við því. Settur var saman starfshópur sem skilaði af sér skýrslu, stundum kölluð Brundtlandskýrslan, sem setur fram og útskýrir hvað felst í hugtakinu sjálfbær þróun. Helsta viðfangsefni þessarar skýrslu er skilgreining á því í hverju vandi umhverfis og samfélags felst og hvernig skuli takast á við aukna mengun sem og fólksfjölgun, auk þess hvernig útrýma skuli fátækt og gæta að jafnrétti mannkynsins (Brundtland, 1987). Skýrslan hefur verið gefin út á fjölmörgum tungumálum og þar á meðal á íslensku. Nú til dags er heldur sjaldgæft að slíkar skýrslur eða bækur séu þýddar yfir á íslensku sem kannski undirstrikar mikilvægi hennar.

Árið 1992 var ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um þróun og umhverfi haldin í Rio de Janeiro en þessi ráðstefna markaði ákveðin tímamót hvað varðar umhverfismál. Á þessari ráðstefnu skrifuðu þátttökupjóðir undir samning um að stuðla að verndun umhverfisins ásamt því að bæta lífstíl mannkynsins með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Á ráðstefnunni voru málefni um loftslagsbreytingar, fækkun lífvera og útrýmingu dýrategunda tekin fyrir. Það þótti augljóst

að verið væri að ganga full harkalega á auðlindir jarðar og þótti því tímabært að stuðla að samvinnu milli allra þjóða til að koma í veg fyrir eyðileggingu auðlinda (UNESCO, 1992; United Nations, 1992b).

Á þessari ráðstefnu var m.a. skrifað undir Ríósáttmálann, Dagskrá 21 og loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna (UNESCO, 1992; United Nations, 1992b). Dagskrá 21(1992b) er lítill hluti sögu sjálfbærrar þróunar en er mikilvægt tímamótaskjal sem tekst á við umhverfis-, félags- og efnahagslega þætti. Dagskrá 21 leggur línurnar um hvernig mannkynið ætti að haga sér á 21 öldinni. Dagskrá 21 leggur grunn að sjálfbærri ferðamennsku (Plessis, 2001; United Nations Division for Sustainable Development, 1992). Þau ríki sem eru meðlimir Ríósáttmálans sem og Dagskrá 21 verða að setja fram stefnu um sjálfbæra þróun. Aðgerðirnar eru misjafnar og fara eftir aðstæðum hvers lands fyrir sig en með það að leiðarljósi að gera lang- og skammtíma markmið, forgangsraða, skilgreina og mæla árangur markmiðanna (Umhverfissráðuneytið, 2002).

Ísland varð aðili að Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 1992, Kyoto-bókuninni frá árinu 1997 og síðast en ekki síst Parísarsamningnum frá árinu 2015. Þar með ber Íslandi skylda ásamt hinum aðildarríkjunum að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2030 (Umhverfissráðuneytið, 2010a). Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna er í raun stofnun sem fundar ár hvert og hefur gert alveg frá árinu 1992 (United Nations, 1992a). Í Kyoto var komið með framhald af lofslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og gengur undir nafninu Kyoto-bókunin (United Nations, 1998) og í París varð til sáttmáli sem ber nafnið Parísarsamningurinn (United Nations, 2015). Kyoto-bókunin og Parísarsamningurinn urðu til á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (United Nations 1992b).

Útfærsla íslenskra stjórnvalda á þeim skuldbindingum sem þau tóku á sig með aðild að Parísarsamkomulaginu voru útfærðar í *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*, sem gefin var út í september 2018. Þar er markvisst talað um hvað hægt sé að gera á Íslandi til að uppfylla þær skuldbindingar sem ríkið skrifaði undir. Helstu áhersluefni áætlunarinnar sem eiga heima hér í þessari ritgerð eru rafbílavæðing og mögulegt bann innflutnings á bensín- og díselbílum frá árinu 2030. Fjölga þarf hleðslustöðvum um allt land svo landinn geti notað vistvæn ökutæki. Einnig stendur til að finna leið til þess að bjóða ferðamönnum leigu rafbíla í stað bensín- og díselbíla (Verkefnisstjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum, 2018). Einn liður af mörgun í Dagskrá 21 er að ríkisstjórn eigi að vinna að málefnum sem tengjast meðal annars samgöngu og ferðamönnum (United nations, 1992b).

Stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun var samþykkt árið 2002 og ber heitið *Velferð til framtíðar*. Helsta áhersluatriði Velferðar til framtíðar (2002) skýrslunnar er „framsetning ákveðinna markmiða, sem lúta að umhverfisvernd, skynsamlegri nýtingu auðlinda og viðhaldi og aukningu lífsgæða“ (Umhverfissráðuneytið, 2002, bls.16). Þessi skýrsla frá árinu 2002 hefur verið endurgerð í tvígang, árin 2007 og 2010 þar sem ákveðin markmið gilda fyrir ákveðin tímabil. Það er því stanslaust verið að vinna í uppfærslu og aðlögun markmiða í skýrslunni. Í stefnumörkun fyrir árið 2020 var meðal annars komið inn á ferðaþjónustuna. Þar kemur einnig fram að náttúra Íslands er eitt helsta aðráttarafl fyrir ferðamenn að koma til landsins. Ferðamenn sem koma til Íslands eru að sækjast eftir upplifun þar sem mengun í hvaða formi sem er sé í lágmarki. Náttúruperlur landins eru undir eftirliti svo það sé ekki gengið of hart að þeim með auknu ferðamannastreymi til landsins (Umhverfissráðuneytið, 2002). Í þessu samhengi skiptir þá líka ferðalag til og frá áfangastöðum máli.

2.2.1 Sjálfbær ferðamennska

Hugtakið sjálfbærni er nú nánast óaðskiljanlegt þegar fjallað er um ferðaþjónustu og er í auknum mæli að nálgast það að verða hluti af umræðunni þegar kemur að stórum viðburðum (Hall, 2012).

Sjálfbær ferðamennska byggir að miklu leyti á hugtakinu sjálfbær þróun. Sú tegund ferðamennsku sem tekur inn í reikninginn efnahag, samfélag og umhverfisáhrif nútímans og framtíðar, hugar að þörfum gesta, iðnaðarins, umhverfisins sem og nærsamfélagsins telst vera sjálfbær ferðamennska (Hall & Lew, 1998). Með auknum áhrifum vegna ferðamennsku á umhverfið var hugtakið *sjálfbær ferðamennska* skilgreind á Green Globe 21 ráðstefnunni. Green Globe 21 ráðstefnan varð til út frá Dagskrá 21 en er frábrugðin henni að því leyti að þar kemur inn í þriðji aðili og óháðar umhverfisstærðir. Markmiðin eru aðlöguð hverjum stað fyrir sig en staðlarnir eru út frá Dagskrá 21. Aðalmarkmiðið var að reyna að koma í veg fyrir að ferðamenn skemmi auðlindir þannig að þær missi ekki aðdráttarafl sitt og leiði ekki til þess að ferðamenn hætti að koma á áfangastaðinn. Sjálfbær ferðamennska þarf fyrst og fremst að taka tillit til þarfa heimamanna, ferðamanna og ferðaþjónustunnar. Notkun hugtakanna *ferðamennska* og *sjálfbærni* saman varpar ljósi á það að sjálfbærni hefur tengingu við athafnir ferðamanna sem og þeim áhrifum sem þeir kunna að hafa á hagsmunaaðila ferðaþjónustunnar (Swarbrooke, 1998) Ef markmiðið er að auka sjálfbæra ferðamennsku er nauðsynlegt að fara ekki yfir þölmörk staðarins. Um leið og þölmörkin eru hunsuð er ferðamennskan ekki sjálfbær (Butler, 2004; Saarinen, 2006).

World Tourism Organization (WTO, 1972) er sérhæfð stofnun Sameinuðu þjóðanna sem sér um hnattrænar siðareglur. Þessar siðareglurnar eru hugsaðar sem leiðarvísir fyrir hagsmunaaðila í ferðaþjónustu til að fylgja eftir og stuðla að ábyrgri og sjálfbærri ferðaþjónustu. Reynt er að hámarka hagnað en á sama tíma lágmarka neikvæð áhrif á náttúruna. Meginmarkmið WTO er að auka jákvæðar afleiðingar og reyna að halda neikvæðum áhrifum á náttúruna, umhverfið, menningu og samfélög í skefjum. Samkvæmt WTO ætti sjálfbær ferðamennska að nýta náttúrulegar auðlindir sem nýtist ferðaþjónustunni með hagstæðum hætti. Einnig ætti hún að viðhalda vistfræðilegum ferlum og aðstoða við að varðveita náttúruauðlindir sem og líffræðilegan fjölbreytileika. Auk þess þarf sjálfbær ferðamennska að mati WTO að huga að og virða samfélagslegt og/eða menningarlegt sanngildi sem og að varðveita byggingar og gildi menningarhefða (WTO, 1972).

2.2.2 Sjálfbær viðburðaferðamennska (e. Event sustainability)

Í beinu framhaldi af sjálfbærri ferðamennsku sem farið var yfir í kaflanum hér að ofan er hægt að tala um sjálfbæra viðburðaferðamennsku sem tengist viðburðaferðamennsku. Hugtakið gefur til kynna hvernig hver og einn getur stundað sjálfbæra viðburðaferðamennsku á ferðalögum sínum.

Menningarviðburðir og hátíðir geta haft mikilvæg áhrif á þróun samfélaga. Notkun þeirra á auðlindum á svæðinu þar sem viðburður fer fram hafa oft á tíðum jákvæð áhrif á hagkerfið á því svæði, sem geta einnig aukið félagslega möguleika samfélaga. Aftur á móti geta viðburðir haft áhrif á umhverfið og því er mikilvægt fyrir hagsmunaaðila að hafa í huga hver áhrifin gætu orðið á tilteknu svæði og skipulagt sig út frá því (Negrusa, o.fl, 2016).

Huga þarf að stefnu og starfsemi á svæðinu þar sem viðburður er haldinn og taka tillit við skipulagningu að upp gæti komið sú staða að ekki sé hægt að halda starfsemi áfram eða minnka þurfi notkun á svæðinu á komandi árum. Burtséð frá stefnu og starfsemi er einnig nauðsynlegt að hafa hugfast að ríkið og stjórnarþættir þurfa einnig að vera með í langtímaáætlunum. Því þarf að skoða sjálfbærni viðburða út frá mismunandi sjónarhornum. Bent hefur verið á möguleikann að skoða sjálfbærni út frá efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum, pólitískum og umhverfislegum þáttum (Liu, 2018).

Til að tryggja sjálfbærni til lengri tíma þurfa gestgjafar viðburða að takast á við alla þessa þætti. Ekki er nóg að hafa efnahagslega sjálfbærni ef vafi er á félagslegri eða umhverfislegri sjálfbærni. Til að tryggja sjálfbærni viðburða þarf stefnan að vera raunhæf og áætlun vel skipulögð. Slíkt getur ýtt undir rök fyrir útgjöldum, stuðningi frá samfélaginu og verið hvatning fyrir aðrar borgir að halda stóra viðburði. Reglur viðburða þurfa að vera vel skipulagðar, fjárhagsáætlun þarf að vera til staðar og vinna þarf út frá þeim forsendum, slíkt gerist ekki sjálfkrafa eða án afskipta. Áætlun um sjálfbærni er óaðskiljanlegur hluti af skipulagningu hvers viðburðar og þarf hún því að vera nákvæm (Liu, 2018).

Í rannsókn sem gerð var á kvikmyndahátíð í Transilvaníu (Transilvania International Film Festival, TIFF) voru notaðar nokkrar aðferðir til að meta viðhorf heimamanna gagnvart sjálfbærni á menningarviðburðum og voru upplýsingar veittar um þetta tiltekna ferli. Niðurstöður bentu til þess að þegar skipuleggjendur viðburða upplýsa og leyfa samfélaginu að taka þátt eru þeir betur meðvitaðir um heildarhagsmuni viðburðarins og líklegri til að taka þátt í eflingu sjálfbærni viðburðarins (Negrusa, o.fl, 2016).

Í rannsókn sem gerð var þegar Helsinki var kjörin besta hönnunarborg heims (World Design Capital, WDC) var arfleidaráætlun Helsinki rannsökuð. Skynjun hagsmunaaðila á niðurstöðum, ákvarðanir, áætlanagerð og áskoranir sem fylgdu voru einnig meginmarkmið rannsóknarinnar (Liu, 2018). Það krefst mikillar skipulagningar stjórnenda til að tryggja sjálfbærni þegar kemur að þróun viðburða sem haldnir eru og hefur áhrif á marga þætti samfélagsins þar sem viðburðurinn sjálfur fer fram. Sjálfbærni í viðburðaferðamennsku er sífellt að verða mikilvægari og er nú orðinn hluti af upplagi margra viðburða. Aukinn áhugi á stórum viðburðum eykur einnig áhuga og vitneskju um sjálfbærni á staðnum þar sem viðburðurinn fer fram. Sjálfbærni krefst langtímaáætlunar og arfleið viðburða hefur farið frá litlum áætlunum og undirbúningi í nokkuð sem ber að íhuga og skipuleggja afar snemma í undirbúningsferlinu. Þegar Helsinki hlaut titilinn var megináhersla lögð á að nota hann sem hvata til að breyta til hins betra svo allir í samfélaginu geti notið góðs af. Stefnan sem var tekin í kjölfarið innihélt ýmsar breytingar í þéttbýlisstefnum og svæðisbundnum nýsköpunarverkefnum. Rannsóknin greinir frá því að samþætting hönnunar við opinbera stjórnsýslu, aukinnar borgarimyndar, eflingu tengslaneta og mótun á hönnunarstefnu eru meginniðurstöður (Liu, 2018).

Einnig kom skýrt fram að þegar huga á að skipulagningu eru þrír lykilþættir sem ber að taka til greina. Í fyrsta lagi þarf öll ríkisstjórnin að vinna saman til að gera skipulagninguna sem árangursríkasta. Í öðru lagi er mikilvægt að hlusta á fólkið í landinu og eiga góð samskipti við þau til að fá sem mestan stuðning frá heimamönnum. Í þriðja lagi skiptir tími og tímasetningar miklu máli í skipulagningu og mikilvægi þess að sjálfbærni sé hluti af langtímaáætlun. Til að ná fram varanlegri arfleið reynir Helsinki að sameina WDC með öðrum áætlunum og langtímaáætlunum í þróun þéttbýla (Liu, 2018).

2.3 Umhverfisáhrif af völdum skipulagðra viðburða

Umhverfisáhrif af skipulögðum viðburðum geta verið margskonar, hér verður fjallað um hvernig áhrifin geta myndast á hinum ýmsu svæðum þar sem viðburðir fara fram. Tekin verða dæmi um að skipulagning, markaðssetning og sjálfbærni geta haft áhrif á minnkun umhverfisáhrifa.

Miðað við mikilvægi viðburða í tengslum við bæjarsamfélög, samfélög í heild og efnahagslíf er mikilvægt að vera meðvitaður um áhættuna af hugsanlegum neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga sem viðburðir geta haf í för með sér. Skipuleggjendur viðburða þurfa að aðlaga sig og reyna hvað þeir geta að búa til stefnu um að minnka þær afleiðingar sem hafa neikvæð áhrif á loftslagsbreytingar (Mair, 2011).

Áhrif loftslagsbreytinga hafa mikið verið rannsökuð, en fáar rannsóknir hafa einblínt á loftslagsbreytingar af völdum viðburða. Áhrif hvers og eins viðburðar er mismunandi. Það fer eftir vettvangi, staðsetningu, árstíð, fjölda gesta o.fl. Tvær meginleiðirnar til að takast á við loftslagsbreytingar eru að draga úr og aðlaga. Mótvægisaðgerðir miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, með því markmiði að hægja á eða koma í veg fyrir loftslagsbreytingar. Aðlögunin felst í því að draga úr áhrifavöldum loftslagsbreytingar. Erfitt getur reynst að aðlaga viðburði að loftslagsbreytingum. Ein lausn væri flutningur á annan stað en slíkt gæti haft neikvæð áhrif á viðburð sem hefur alltaf verið haldinn á sama stað og óvissa skapast um velgengni (Mair, 2011).

Annað sem getur haft áhrif á sjálfbærni á svæðum þar sem viðburður er haldinn snýr að svefntjöldum gesta. Mikið er um að gestir skilji eftir sig tjöld og allskyns rusl. Þeir fjárfesta þá í ódýrum tjöldum sem þeim er sama um að skilja eftir (Henderson, 2014). Birt var grein sem fjallar um að breyta hegðun gesta og kom þar fram með góðri markaðssetningu og samvinnu stjórnenda á stórum viðburðum væri hægt að halda í lágmarki að fólk skilji eftir sig tjöld, t.a.m. bjóða upp á tjaldleigu (Henderson, 2014).

Til að ferðast á milli staða og koma sér á viðburðinn sjálfan þarf að nota samgönguleiðir. Hér má taka sem dæmi bifreiðar, skip og flugvélar. Þessar samgönguleiðir hafa ákveðna loftmengun í för með sér og er vert að taka fram að erfitt sé að minnka þau mengunaráhrif sem fylgja ferðalaginu sjálfu.

Nýlega hefur orðið vitundavakning hjá mörgum um loftgæði og hafa ýmsar fræðilegar rannsóknir verið gerðar sem tengjast loftmengun, rekja má aukna dánartíðni og veikndi til loftmengunar. Í þessum rannsóknum hafa tengsl milli loftmengunar og innlagnar á sjúkrahús komið í ljós (Samet, ofl., 2000). Í flestum þessara rannsókna hefur verið lögð áhersla á skaðleg áhrif loftmengunar á öndunar-, hjarta- og æðasjúkdóma (Guo, ofl., 2009).

2.4 Mengun frá fólksflutningum

Mengun getur myndast með fólksflutningum, hvort sem það er mengun frá bílum, flugvélum eða skipum. Flugvellir eru meðal þeirra sem gefa frá sér mesta staðbundna loftmengun og geta flugvélar sleppt frá sér hundruðum tonna af gróðurhúsalofttegundum (Holzman, 1997).

Ýmis flugfélög reyna að bæta upp fyrir þá mengun sem þau valda. Flugfélagið WOWair studdi t.a.m. starfsemi náttúruverndarsamtaka og gafst farþegum tækifæri á að skilja eftir pening í umslagi og fjármagnið notað til að styðja við landgræðslu, hálendisþjóðgarð, endurheimt birkiskóga og votlendis (Wowair, á.á.).

Einnig er mikil mengun tilkomin frá bifreiðum. Samkvæmt eldsneytisspánni verða til 3,07 tonn CO₂ við bruna á 1 tonni á af blýlausu bensíni og 3,18 tonn CO₂ við bruna á 1 tonni á af gasolíu. Gasolía er samheiti yfir margar olíutegundir, þ.m.t. dísilolíu sem notuð er á bíla (orkuspáarnefnd, 2008). Eins og gefur til kynna hefur þessi þáttur gífurlega mikla mengun og útblástur í för með sér, en nú hefur t.d. notkun rafbíla aukist mikið síðustu ár sem stuðlar að minni mengun.

2.5 Upplifun ferðamanna af umhverfisáhrifum

Hljóðmengun er einn áhrifavaldur þegar það kemur að upplifun einstaklinga. Hávaði er óæskilegt hljóð sem getur valdið sálrænni og líkamlegri streitu á lifandi og dauða hluti sem verða fyrir slíku. Einnig gerir það aðilum erfiðara að eiga samskipti við aðra gesti (Singh & Davar, 2004). Helstu uppsprettu hljóðmengunar má rekja til aukins fjölda ökutækja, þéttbýlismyndunar, hljóðfæra og afþreyingu manna (Gangwar et al, 2006). Rekja má ýmsa líkamlega kvilla til hávaða og má þar nefna tímabundið heyrnarleysi, höfuðverk sem og veruleg hækun blóðþrýstings. Hækun á magni kólesteróls í líkamanum veldur samdráttum í æðum sem eykur líkur á hjartaáfalli. Auk þess er of mikill hávaði ekki góður fyrir ófrískar konur á meðgöngunni. Umferð hefur einnig áhrif á heyrnartruflanir og skerðingu á heyrn, en því fylgja svefntruflanir, þreyta og viðkvæmni fyrir hávaða í sjálfu samfélaginu (Sagar & Rao, 2006).

Ferðamenn eru eins misjafnir og þeir eru margir og getur því upplifun hvers og eins verið mismunandi. Ferðamenn eru allt frá því að vera mjög umhverfisvænir yfir í að hafa enga skoðun á umhverfismálum. Samkvæmt niðurstöðum meistararitgerðar Van Houtte (2015) velja ferðamenn sér vissa áfangastaði eftir aðgengi og vinsældum. Vinsældir ferðamannastaða eru skilgreindir eftir reynslu gesta og aðdráttarafli staðarins. Upplifun ferðamannsins hefur óbein áhrif á fjölda gesta sem heimsækja staðinn þar sem jákvæð reynsla mun stuðla að því að fleiri nýjir ferðamenn heimsæki staðinn sem og endurteknar heimsóknir ferðamanna sem hafa heimsótt staðinn áður. Jákvæð reynsla gesta mun hjálpa til við að auka vinsældir áfangastaðarins og spilar þar orðspor staðarins sem og umræður um hann á samfélagsmiðlum stærsta hlutverkið (Van Houtte, 2015).

Ástand náttúruaðlinda mun hafa jákvæð áhrif á upplifun ferðamanna, ef náttúran er falleg og haldið á þann veg verður upplifun ferðamannsins af staðnum góð. Gæði umhverfisins, einstök náttúra og landslag eru þættir sem hafa veigamestu áhrifin á upplifunina. Sama má segja um öryggi gesta, uppbyggingu innviða og að boðið sé upp á einhvers konar þjónustu á svæðinu. Sé svæðið útroðið af einstaklingum mun það draga úr jákvæðri reynslu ferðamannsins sem og öryggi hans. Slíkt er jafnframt þáttur sem takmarkar fjölda gesta eða dregur úr vinsældum staðarins. Ferðamenn gætu því leitað að öðrum áfangastöðum þar sem minni troðningur er (Van Houtte, 2015).

Annað sem gæti haft áhrif á upplifun ferðamanna er hvernig staðirnir eru settir fram. Mismunandi framsetning staða getur haft áhrif á upplifun hvers og eins. Fjöldi ferðamanna sækist í að upplifa eitthvað einstakt og ósnert á meðan aðra skiptir slíkt ekki eins miklu máli. Stjórnendur, starfsmenn og jafnvel eigendur staða reyna að setja staðinn fram á eins góðan hátt og unnt er til að auka komu gesta sem og hagnað. Upplifun ferðamannsins hefur verið túlkuð á ýmsa vegu síðustu áratugi. Þó er oft talað um það að ferðamenn séu í leit að ákveðnu sanngildi. Kenning MacCannels (1973) gefur til kynna að ferðamenn séu að leitast eftir upplifun sem er einstök og sönn.

Kenningin um framhlið (e. front stage) og bakhlið (e. back stage) kom fyrst fram árið 1956 þar sem Erving Goffmann fjallar um að einstaklingar hegði sér eins og þeir vilja að aðrir sjái sig og með því væru þeir einungis að sýna framhliðina af sjálfum sér. Því má segja að einstaklingurinn skipti um grímu eftir aðstæðum; sérstök gríma er sett upp fyrir vissa viðburði. Fólk átti það til að breyta talsmáta, fatavali, smekk, mannasiðum o.s.frv. til að þóknast öðrum, því einstaklingurinn vill líta sem best út og koma vel fyrir í mismunandi aðstæðum (Goffman, 1956). Þegar talað er um bakhlið er átt við þegar við erum í okkar eðlilega umhverfi, afslöppuð og óformleg. Þar eru leyndarmálin falin og talað er um að eitthvað meira sé á bakvið einstaklinginn sem aðrir hvorki vita né sjá. MacCannell (1973) yfirfærði kenningu Goffmans yfir í ferðaþjónustuna þar sem leikararnir væru þeir sem starfa við ferðaþjónustu og ferðaþjónustan væri leikritið sjálft.

Túlkun á sanngildi er persónubundin hverjum og einum og sömuleiðis hvað þeir aðilar leitast eftir. Ekki er til ein rétt skilgreining á sanngildi og eru fræðimenn oftast en ekki ósammála um hvað sé raunverulega hið sanna sanngildi (Wang, 1999). MacCannell (1973) skrifaði efni í tengslum við þá hugmynd að leitinn að sanngildi væri megindrifkraftur ferðalaga, sem e.t.v. mætti rýna betur til gagns, að hvati til ferðalaga er margskonar en athafnir einstaklinga og iðkun leiða þá milli fram- og bakhliðar.

2.6 Samantekt

Viðburðaferðamennska er sú tegund ferðamennsku sem er talin líklegust til velgengnis í framtíðinni. Slík ferðamennska laðar að sér fjölda ferðamanna og þá er gott að hafa í huga sjálfbærni. Sjálfbærni er sú tegund ferðamennsku sem er skilgreind með eftirfarandi hætti: „sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum” (Brundtland, 1987, bls. 43). Sjálfbær viðburðaferðamennska er því mögulega sú ferðamennska sem hagkvæmust væri fyrir umhverfið og framtíðarsýn.

Með miklum fjölda ferðamanna á tiltekinn stað geta átt sér stað umhvefisáhrif sem geta haft langvarandi áhrif. Áhrif sem þarf að taka á samstundis, áður en verður um seinan. Þegar stór viðburður er haldinn þarf að reikna með þessum fjölda og bjóða upp á innviði í samræmi. Langt ferli einkennir jafnan skipulagða viðburði og margt sem þarf að taka með í reikninginn, líkt og ruslatunnur og ferðalög fólks. Ferðalög fólks menga einstaklega mikið og mætti vekja athygli á því. Hátíðir geta haft slæmt áhrif á umhverfi en einnig stuðla þær að hljóðmengun. Hljóðmengun er mengun sem lítið fer fyrir en getur haft slæm áhrif á heyrn, sálræna heilsu og ófrískar konur.

Þjóðhátíð sem haldin er í Vestmannaeyjum er vinsæl meðal landans. Hátíðin virðist vera að ná til æ fleiri gesta sem vilja sækja hátíðina heim. Í næsta kafla verður saga Þjóðhátíðar kynnt allt frá fyrstu hátíð. Farið verður ítarlega í hætti Þjóðhátíðarinnar og alls þess sem þarf að vera til staðar svo hátíðin standist allar væntingar.

3 Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum

Í byrjun ágústmánaðar ár hvert er haldin mikil hátíð í Vestmannaeyjum, nánar tiltekið Þjóðhátíð. Sögu hátíðarinnar má rekja allt aftur til ársins 1874 þegar hátíð var haldin víðsvegar um landið í tilefni þúsund ára afmæli þjóðarinnar. Fóru þær hátíðir fram á ýmsum stöðum á landinu í júlí og ágúst. Mismunandi frásagnir eru um hvort Vestmannaeyingar hafi viljað halda sína eigin hátíð eða hvort ófært hafi verið með skipi á land til að sækja næstu hátíð. Í öllu falli fór fyrsta þjóðhátíðin fram í Vestmannaeyjum 2. ágúst 1874 (Indriði G. Þorsteinsson, 1986). Í kringum 400 manns sóttu hátíðina þar sem tjaldað var við tjörnina í Herjólfsdal, borðaður góður matur, drukkið kaffi og vín. Dansleikur var einnig hluti af dagskránni og var dansað undir berum himni. Lítið var um ölvun gesta og fór allt að mestu leyti vel fram. Hátíðin þróaðist aðeins með árunum með allskyns dagskrárliðum eins og skrudgöngu og kappróðri sem bættust m.a. við dagskrána (Þorsteinn Gunnarsson, 2002).

Síðan um aldamótin 1900 hefur þjóðhátíð verið haldin árlega að frátöldu árinu 1914 þegar fyrri heimsstyrjöldin hófst og var þess vegna ákveðið að halda hana ekki það árið. Heimaeyjargosið árið 1973 setti einnig strik í reikninginn þar sem aðaláhersla var lögð á heimabæinn þegar kom að því að hreinsa til og huga að íbúabyggðinni og sat því dalurinn á hakanum því íbúar voru önnur kafnir við hreinsunarstörf (Indriði G. Þorsteinsson, 1986). Í fjögur ár var því Þjóðhátíð haldin á Breiðabakka suður undir Stórhöfða en fyrsta Þjóðhátíðin í Herjólfsdal eftir gos var haldin árið 1977 og hafði þá verið lokið við hreinsun og tyrfingu (Dalurinn, á.á).

Tvö íþróttafélögin, Þór og Týr, höfðu skipst á að halda þjóðhátíðina frá árunum 1922-1997. Eftir sameiningu þeirra varð til Íþróttabandalag Vestmannaeyja, ÍBV, sem heldur hátíðina nú ár hvert. Þessi sameining hafði góð áhrif á hátíðina því þeir þættir sem þóttu vel til takast hjá báðum félögum voru settir saman og mynduðu eina góða heild þegar kom að flugeldasýningu og tónleikahöldum (Heimaslod, á.á).

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þróaðist með árunum og í dag er hátíðin sett á föstudegi og lýkur á mánudagsmorgni. Áður var hátíðin einungis einn dagur. Margir fastir liðir tilheyra hátíðinni í dag og ber þar helst að nefna hvítu tjöldin sem heimamenn hafa komið fyrir í röð í dalnum og bjóða þeir upp á allskyns góðgæti, spila á hljómfæri og skemmta sér fram undir morgun. Helstu tónlistarmenn landsins stíga á svið og halda uppi stemningunni í Herjólfsdal langt fram á nótt. Flugeldasýning, brenna, brekkusöngur eru einnig ómissandi dagskrárliðir. Kveikt er á rauðum blysum efst í brekkunni ár hvert og bætist ávallt eitt bly við fyrir hvert ár sem hátíðin er haldin og úr verður ljósasýning sem lýsir upp dalinn sjá mynd 1 á bls. 14.



Mynd 1: Brekkan í Herjólfsdal með tendruðum blysum (Vilhelm, 2015)

Margir sækja í hinn vinsæla Brekkusöng þar sem fólk kemur saman í dalnum og syngur öll helstu dægurlög. Brekkusöngurinn fór fyrst fram árið 1977 undir stjórn Árna Johnsens og stjórnaði hann þeim dagskrárlið í mörg ár. Nú hefur Ingólfur Þórarinnsson tekið við keflinu (Heimaslöd, á.á).

Þegar talað er um þjóðhátíð er varla hægt að sleppa umræðunni um þjóðhátíðarlögin sem skipa stóran sess í hátíðarhöldunum. Ár hvert kemur nýtt þjóðhátíðarlag sem samið er og sungið af útvöldum tónlistarmönnum en áður fyrr var það Oddgeir Kristjánsson sem samdi lögin. Mikil eftirvænting ríkir eftir þjóðhátíðarlaginu ár hvert og sameinast þá allir og syngja lagið saman á sunnudagskvöldinu á þjóðhátíð. Eitt skilyrði er þó þegar kemur að innihaldi textans er að hann skuli standast kröfur fólksins sem myndast hefur í gegnum tíðina hvað varðar Herjólfsdal, upplifunina og hátíðina sjálfa (Árni Johnsen, 1989).

Þjóðhátíðarlögin fjalla oftast um hamingju, ást og gleði sem og fegurðina í Vestmannaeyjum. Í laginu *Lífið er yndislegt* sem flestir Íslendingar ættu að kannast við syngur Hreimur um hve yndislegt lífið er í Herjólfsdalnum líkt og segir í eftirfarandi broti lagsins: „Núna ekkert okkur stöðvað fær, undir stjörnusalnum inni Herjólfsdalnum. Lífið er yndislegt sjáðu, það er rétt að byrja hér” (Helgi J, 2017). Bubbi Morthens söng Þjóðhátíðarlagið árið 2009 og fjallaði lagið um það að eyjan hafði staðið gosið sem átti sér stað 1973 vel af sér og sé orðin fögur og græn á ný: „Eyjan mín eyjan mín. Fagra græna eyjan mín eyjan mín fagra græna [...] Um miðja nótt neyddist fólk að flýja glóandi hraun yfir húsina að streyma menn héldu þá aldrei aftur sneru eyjamenn til síns heima en eyjan mín, eyjan mín stóð það af sér”

(Bubbi Morthens, á.á.). Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson sá um þjóðhátíðarlagið árið 2014 og fjallar lagið um hversu ljúft er að vera til og þau forréttindi að fá að njóta lífsins í Herjólfsdalnum: „Í Herjólfsdalnum við lífsins njótum. Það er svo ljúft að vera til [...] Hér er hamingja ást og gleði. Stemmingin í dalnum er svo blíð. Forréttindi að vera með í veisluhöldunum á þjóðhátíð” (Jón Jónsson, á.á.).

Skoða mætti þjóðhátíðarlög langt aftur í tímann og alltaf er hægt að lesa úr textunum og sjá fallegan tilgang sem nær að fanga allt hið frábæra sem á sér stað á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Umhverfið og náttúran í Vestmannaeyjum kemur oftast en ekki fyrir í þjóðhátíðarlögum síðustu áratuga. Af lögunum að dæma er ljóst að umhverfið hefur mikið að segja hvað varðar upplifunina af þjóðhátíð.

Hátíðin er markaðssett sem fjölskylduskemmtun þar sem eitthvað er að finna fyrir alla aldurshópa. Barnadagskrá fer fram um miðjan dag alla þrjá dagana ýmist með tónleikum, leikjum og þrautum (Dalurinn, á.á.). Síðustu ár hafa gestir verið um 11 til 15 þúsund og koma sér flestir til Vestmannaeyja með skipinu Herjólfí eða með flugi þar sem þessar leiðir eru einu samgönguleiðirnar til eyjarinnar. Því má áætla að álagið sé mikið fyrstu helgina í ágúst ár hvert með tilkomu tugi þúsunda gesta. Álag á brekkuna í Herjólfsdal í allskonar veðrum er einnig mjög mikið og myndast ákveðin umhverfisáhrif út frá því. Mengun frá brennu, flugeldum, blysum og hljóðmengun eru einnig þættir sem taka þarf inn í heildarmyndina þegar hugað er til umhverfisáhrifa.

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er oftast þekkt fyrir mikla skemmtun og gleði. Því miður er ekki allt fullkomið í heimi okkar og hefur þjóðhátíðin einnig sínar slæmu hliðar. Þegar mörg þúsund manns koma saman, þar sem flestir gestir eru undir áhrifum áfengis, getur það oft leitt til ágreinings og ofbeldis. Kynferðisofbeldi á borð við nauðganir hafa oft átt sér stað á þjóðhátíð en þeim virðist fara fækkandi með árunum, fimm kynferðisbrot voru tilkynnt árið 2015 (mbl, 2015) en árið 2016 voru 11 líkamsárásir tilkynntar og ein nauðgun (mbl, 2016). Samt sem áður ber að hafa í huga að ekki allar líkamsárásir eða nauðganir eru tilkynntar og/eða kærðar.

Þjóðhátíðarnefnd, starfsmenn og hljómsveitir leggja mikla áherslu á að ræða þetta málefni og stöðva ofbeldi. Þá má helst nefna að tónlistarmenn og kynnir þjóðhátíðar sem koma inn á þetta málefni oftast en einu sinni á sviðinu fyrir framan allan fjöldann sem saman kominn er í dalnum. Auglýsingar um þjóðhátíð innihald oft skilaboð um að skemmta sér vel og koma vel fram við aðra. Gæsla síðustu ára hefur aukist til muna, m.a. með 15 öryggis-myndavélum og fjöldinn allur af lögreglumönnum er í dalnum yfir helgina til að reyna að koma í veg fyrir kynferðisbrot, ofbeldi og eiturfjámál. Öryggisstarfsmenn eru við störf, allt að 100 gæslustarfsmenn, áfallateymi, lækningar og sjúkraliðar sem eru til taks allan sólarhringinn og sjúkratjald staðsett skammt frá hátíðarsvæðinu sem notað er í þeim tilfellum þegar hlúa þarf að hátíðargestum (Vissir þú að..., á.á.).

Árið 2012 fór af stað forvarnarherferð sem kallast *Bleiki filinn*. Enginn vill hafa bleikan fil í stofunni hjá sér. Heldur vill enginn að nauðgun eigi sér stað og því er talað um að „við viljum enga bleika fila í Herjólfsdal” (Þjóðhátíð, á.á.). Eiturfjámál virðast einnig oft fylgja sögunni um þjóðhátíð og koma oftast nokkur mál upp á hverri hátíð. Von er um að halda þessu í skefjum með allri gæslunni sem til staðar er svo allir geti notið hátíðarinnar án frekari vandræða.

Á mynd 2 má sjá yfirlitsmynd af hátíðarsvæðinu í Herjólfsdal. Neðst til hægri á myndinni má sjá brekkuna sjálfa fyrir framan aðalsvið hátíðarinnar. Bakvið sviðið má sjá tjörnina og litla sviðið. Hvítu tjöldin þar sem heimamenn tjalda og koma saman yfir hátíðina má sjá fyrir miðju og við hlið hvítu tjaldanna og fyrir ofan á myndinni má sjá bæði tjaldsvæðið í Herjólfsdal sem og RentATent-tjaldsvæðið.



Mynd 2: Loftmynd af hátíðarsvæðinu. ([Ótitluð ljósmynd af hátíðarsvæðinu], 2018)

4 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður farið yfir aðferðafræði sem notast var við í rannsókninni, hvernig hún er byggð upp, hvaða gögn og aðferðir voru notaðar sem og hvernig gagnaöflun fór fram. Komið verður inn á þau mælitæki sem voru notuð, hverjir þátttakendur rannsóknarinnar voru og hvernig unnið var úr þeim gögnum sem fengust.

4.1 Rannsóknarsnið

Stutt er síðan eigindlegar rannsóknaraðferðir voru samþykktar innan fræðasamfélagsins, algengara var að nota meginlegar rannsóknarhefðir. Nú til dags er algengt að stuðst sé bæði við eigindlega og meginlega rannsóknaraðferð, saman eða sitt í hvoru lagi. Sú aðferð kallast rannsóknarsnið blandaðra aðferða (Sigurlína Davíðsdóttir & Anna Ólafsdóttir, 2016).

Notast var við blandaðar rannsóknir og könnunarraðsnið við gerð þessarar ritgerðar (Bryman, 2016). Þegar notað er könnunarsnið er byrjað á því að safna saman eigindlegum gögnum. Niðurstöður eigindlegu gagnanna eru svo unnar með meginlegri gagnaöflun og að lokum eru niðurstöðurnar túlkaðar saman í niðurstöðum. Rannsóknin byggir á nálgun og aðferðum grundaðrar kenningar (sjá Bryman, 2016) en þar sem rannsóknin er umfangslítill telst hún ekki í hefðbundnum skilningi vera grunduð kenning.

Þegar framkvæmdar eru eigindlegar rannsóknir er gjarnan stuðst við aðferðir þar sem rannsóknarspurningu er leyft að myndast og mótast jafnt og þétt í gegnum ferlið. Þá er átt við að rannsakendur séu búnir að koma með hugmynd hvað varðar rannsóknarspurningu en hún er ekki ákveðin fyrr en framkvæmd og úrvinnsla viðtala er lokið (Bryman, 2016). Eigindleg viðtöl reyna að sjá einhversskonar mynstur í frásögn viðmælenda hvað varðar upplifun hans og skapa þannig nýja þekkingu (Bryman, 2016). Í viðtölunum var safnað gögnum hvað varðar viðhorf og hugmyndir viðmælenda og unnið var að úrvinnslu gagna af opnum hug. Tekin voru viðtöl við tvo hópa viðmælenda, gesti og heimamenn í Vestmannaeyjum.

Grunduð kenning (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013) byggir á samanburði gagna sem fást í gegnum ferlið sem leiðir að lokum rannsakanda að niðurstöðu. Mikilvægt er að hafa rannsóknarspurningar opnar í upphafi rannsóknar. Efni þess sem er rannsakað er þar með gefið ákveðið svigrúm til að taka á sig mynd og mótast í gegnum rannsóknina. Þegar líður á rannsóknina verður rannsóknarspurningin hnitmiðaðari og skýrari.

4.2 Aðferðir eigindlegrar rannsóknar

Rýnt verður í framkvæmd eigindlegu gagnaöflunarinnar og hún útskýrð. Einnig verður farið í hvað liggur að baki viðtala rannsóknarinnar. Með því er átt við ástæðu fyrir vali á viðmælendum sem og hvernig viðtölin voru framkvæmd.

4.2.1 Gagnaöflun

Reynt var að svara rannsóknarspurningu sem mótuð var í gegnum fjögur viðtöl með framkvæmd gagnaöflunar. Eitt mikilvægasta verkfæri gagnaöflunar í eigindlegum rannsóknum er rannsakandinn sjálfur. Rannsakendur hafa alla sína kosti og galla og eru skoðanir hvers og eins rannsakanda misjafnar. Rannsakendur geta því ómeðvitað eða jafnvel meðvitað haft áhrif á þá þætti sem liggja til grundvalldar rannsóknarinnar. Einnig geta rannsakendur haft gríðarleg áhrif á úrvinnslu og túlkun gagna. Lykilatriði í eigindlegum rannsóknum er því að gera grein fyrir mögulegum ógnum rannsóknarinnar þar sem ógnirnar geta haft áhrif á niðurstöðurnar (Bryman, 2016).

Við höfðum skoðanir um viðfangsefni rannsóknarinnar áður en rannsókn hófst. Má þar nefna að við vorum handvissar um að allir gestir Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum væru meðvitaðir um mengunina sem ferðalagið til og frá Vestmannaeyjum getur haft í för með sér. Einnig höfðum við þá hugmynd um að heimamenn væru mögulega orðnir að einhverju leyti þreyttir á hátíðinni þar sem hún er orðin gríðarlega vinsæl og mikill fjöldi gesta kemur ár hvert. Í upphafi rannsóknar lögðum við skoðanir okkar alfarið til hliðar. Hlutleysi okkar var ítrekað með því að tilkynna viðmælendum rannsóknarinnar að rannsóknin væri um upplifum þeirra af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þær spurningar sem voru lagðar fyrir viðmælendum voru opnar og einfaldar þar sem bestu svörin fást með þeim hætti. Viðmælendum er gefinn sá kostur að svara hreinskilnislega og beint frá hjartanu þegar stuðst er við opnar spurningar. Með því er réttmæti rannsóknarinnar aukið svo um munar (Bryman, 2016).

Við val á viðmælendum var stuðst við markvisst úrtak (sjá Esterberg, 2002) en það er þegar þátttakendur verða fyrir valinu vegna eðli rannsóknarspurninga. Viðmælendur voru valdir vegna reynslu eða þekkingar sem þeir gætu búið yfir. Með því að nota markvisst úrtak eru auknar líkur á því að viðmælendur gefi áreiðanlegar og nothæfar upplýsingar vegna mögulegrar reynslu eða þekkingar sem þeir gætu búið yfir (Bryman, 2016; Esterberg, 2002). Til að geta lent í úrtaki þessarar rannsóknar þurftu viðmælendur að hafa farið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sem gestur eða heimamaður að lágmarki einu sinni. Einnig þurftu viðmælendur að vera tilbúnir til að auka skilning rannsakenda á viðfangsefninu. Við þekkjum til eyjamanna og nýttum okkur þá aðferð til þess að nálgast viðmælendur fyrir hönd heimamanna. Samfélagsmiðillinn *Facebook* var notaður til þess að ná til viðmæleenda fyrir hönd gesta. Tekin voru viðtöl við tvo íbúa í Vestmannaeyjum og tvo einstaklinga sem hafa farið sem gestir á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Viðmælendur úr hópi gesta:

- Emilía, 26 ára kona búsett í Reykjavík. Ákveðið var að hittast í Háskóla Íslands
- Emil, 33 ára karl búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að hittast í Háskóla Íslands

Viðmælendur úr hópi heimamanna:

- Þórhildur, 28 ára kona uppalin í Vestmannaeyjum. Ákveðið var að hittast heima hjá Þórhildi, að ósk hennar. Í því umhverfi sem henni líður vel.
- Daníel, 59 ár karl búsettur í Vestmannaeyjum. Ákveðið var að hittast á hlutlausum stað og var *Te og Kaffi* fyrir valinu.

Með því að hittast á hlutlausum stað aukast líkurnar á því að við fáum sem mest út úr viðmælendum. Ef viðmælendum líður vel eru þeir líklegri til að tala meira (Bryman, 2016). Viðmælendur voru upplýstir um að upptaka væri í gangi á meðan á viðtölunum stæði. Gætt var að því að allir viðmælendur væru upplýstir um umræðuefnið, mögulega tímalengd og síðast en ekki síst nafnleyndar vegna þess að gögn þessarar rannsóknar eru trúnaðarmál. Öll viðtölin voru u.þ.b þrjátíu til fjörtíu mínútur að lengd. Þess var gætt að spurningar væri ekki leiðandi þar sem slíkt getur skekkt niðurstöðurnar. Unnið var með hálfstöðluð viðtöl en slík viðtöl einkennast af spurningum sem notaðar eru sem viðmið frekar en lokaðar „nei“ og „já“ spurningar (Bryman, 2016). Með því er átt við að viðtölin voru upp að vissu marki mótuð með ákveðnu þema og fyrirhuguðum spurningum. Viðtalsrammi rannsóknarinnar einkenndist af eftirfarandi lykilorðum: *upplifun, dagskráliðir Herjólfssdalur, þjóðhátíðarlögin, samgöngur, ferðalagið, neikvæð hlið hátíðarinnar, náttúran og rusl*. Því er ljóst að áherslan er sú sama í þessum viðtölum og urðu niðurstöður svipaðar en þar sem viðmælendur fengu að leiða viðtalið áfram fengust mismunandi sjónarhorn og áherslur í gegnum viðtölin.

4.2.2 Gagnagreining

Upphaf gagnagreiningar átti sér stað þegar afritun fyrsta viðtalsins hófst. Athugasemdir rannsakenda voru notaðar til þess að létta á vinnu komandi gagnagreiningar. Að rannsakandi greini gögn viðtalsins samstundis á meðan gagnaöflun stendur yfir er einn liður sem einkennir grundaða kenningu. Úrvinnsla úr fyrsta viðtalinu hefur áhrif á úrvinnslu næstu viðtala (Bryman, 2016). Viðtölin voru hljóðrituð og voru viðmælendur upplýstir um það. Að því loknu hófst ferli þar sem við þurftum að skoða hvaða merkingu leggja mætti í orð viðmælenda.

Við lok afritunar viðtala hófst kerfisbundin greining og er það kóðun sem einkennir það ferli (Bryman, 2016). Í kóðun eru sérstök þemu til þess að skilja upplifun viðmælenda. Stuðst var við lýsandi kóðun vegna þess að ákveðin orð voru gerð að lyklum og má þar nefna: *upplifun, umgengni, þjóðhátíðarlögi, neikvæðar hliðar hátíðarinnar og náttúran eða umhverfi*. Til þess að geta fundið einhverja mögulega tengingu á milli lyklanna sem mynduðust við lýsandi kóðunina var notuð öxulkóðun (Bryman, 2016). Þessi rannsókn einkennist af fjórum undirflokkum sem urðu til við greiningu og eru þeir eftirfarandi: *upplifun, þjóðhátíðarlögin, umgengni í Herólfssdal og umhverfisáhrif*. Notkun þessara undirkafla er til þess að reyna að finna útskýringu með gögnum sem fengust og leiðir það til niðurstöður rannsóknarinnar. Þegar lokið var við kóðun og lyklun hófum við að endurorða textan þannig að málfar væri formlegt og í beinu framhaldi af því hafðist skýrslugerð.

4.3 Aðferðir meginaglegrar rannsóknar


Lögð var fyrir meginleg netkönnun fyrir íbúa í Vestmannaeyjum sem og einstaklinga sem hafa farið sem gestir á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Markmiðið með spurningakönnuninni var að kanna viðhorf til umhverfisáhrifa í Herjólfssdal og athuga hvort munur væri á viðhorfum heimamanna og gesta. Hægt er að nálgast spurningakönnunina í lok ritgerðarinnar þar sem má sjá viðauka með spurningalistunum í heild sinni. Netkönnunin var send út á lokaðan hóp á samfélagsmiðlinum *Facebook*. Spurningakannanir gefa möguleika á að kanna viðhorf mikils fjölda fólks og veita möguleika á stöðluðum samanburði. Með framkvæmd eiginlegra hlutans fékkst skilningur á þáttum hvað varðar upplifun gesta og heimamanna af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Sá skilningur hjálpaði til við að mynda efni

megindlega hluta rannsóknarinnar. En meginlegi hlutinn skilaði heildstæðri mynd af upplifun þeirra sem sækja hátíðina heim.

4.3.1 Þátttakendur


Þátttakendur í meginlegu rannsókninni voru annars vegar íbúar Vestmannaeyja og hins vegar gestir sem farið hefðu einhvern tímann á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Í þessari rannsókn var stuðst við tilgangs- og hentugleikaúrtak. Tilgangsúrtak einkennist af því að leitast er svara hjá einstaklingum sem þekkja Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum hvort sem þeir eru heimamenn eða gestir (Bryman, 2016). Netkönnunin var send á lokaðan hóp heimamanna til þess að reyna ná til heimamanna en sá hópur gengur undir nafninu *Heimaklettur* á Facebook. Einnig var spurningakönnunin sett á persónulegar Facebook síður rannsækenda til að reyna að ná einnig til þeirra sem ekki búa í Vestmannaeyjum, en slík aðferð kallast hentugleikaúrtak. Einungis þeir sem höfðu farið á Þjóðhátíð voru beðnir að svara könnuninni. Því var þýði þessarar könnunar allir þeir sem búa í Vestmannaeyjum ásamt öllum þeim sem hafa farið sem gestir á hátíðina en úrtak könnunarinnar er einungis meðlimir þessa tveggja hópa sem og vinir höfunda á Facebook. Fjöldi í tilgangsúrtaki voru 9.984 manns og voru 522 manns sem svöruðu spurningunum, af þeim voru 366 konur og 156 karlar.

Skv. mynd 3 er rúmlega helmingur allra þeirra sem tóku þátt í spurningakönnuninni búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Vestmannaeyingar voru einnig stór hópur en þriðjungur þeirra sem svöruðu könnuninni voru frá Vestmannaeyjum.




Mynd 3: Hvar býrð þú?

Mynd 4 sýnir að langflestir gestir sem sækja hátíðina gista í heimahúsi. Með þessu má sjá að mun algengara er að gestir gisti í heimahúsi heldur en í tjöldum.



Mynd 4: Síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð, hvar gistir þú?

Mynd 5 sýnir að mun fleiri nýta sér bátinn Herjólf frekar en flugvélar til að komast til Vestmannaeyja. Þar sem hér mátti haka við fleiri en einn valmöguleika er heildarhlutfall svarenda yfir 100%. Í ljós kom að nánast allir þeir sem hökuðu í valmöguleikann „með bíl“ hökuðu einnig í valmöguleikann „með skipinu Herjólf“. Með þessu má því sjá að Herjólfur ferjar meginþorra gesta hátíðarinnar.



Mynd 5: Ef þú býrð ekki í Vestmannaeyjum, hvernig fórst þú til Vestmannaeyja síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð? *Hér mátti velja fleiri en einn valmöguleika.

4.3.2 Mælitæki

Höfundar bjuggu til spurningalista þar sem reynt var að ná til einstaklinga á öllum aldri sem áttu sameiginlegt að hafa farið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Spurningalistinn sem var sendur út samanstóð af 17 spurningum með fjóra eða fleiri valmöguleika. Spurningalistinn snéri að viðhorfi gesta og heimamanna til Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum ásamt upplifun þeirra af hátíðinni og þeirra umhverfisáhrifa sem gætu átt sér stað yfir helgina. Einnig var spurt hvað hægt sé að gera til að minnka þessi umhverfisáhrif. Valmöguleikarnir voru yfirleitt á líkertkvarða og fylgdu þar á eftir spurningar um kyn, aldur og búsetu.

4.3.3 Gagnaöflun

Opin slóð að netkönnun var lögð fyrir heimamenn og gesti þjóðhátíðar á lokuðum hópum á samfélagsmiðlinum *Facebook*. Í upphafi könnunarinnar var kynningarbréf þar sem fólk var eindregið hvatt til að svara spurningum eftir bestu getu og fyllsta trúnaði væri gætt. Einnig voru þátttakendum gefnar upplýsingar um höfunda ef þátttakendur vildu hafa samband með einhverjar spurningar sem myndu kvikna í gegnum könnunina. Hér fyrir neðan má sjá tímaröð könnunarinnar:

19. mars 2019: Spurningakönnun send út

22. mars 2019: Lokað fyrir þátttöku og gögnin sótt til úrvinnslu

4.3.4 Úrvinnsla gagna

Tölfræðiforritið SPSS var notað við úrvinnslu gagna. Dreifing svara við spurningum könnunarinnar var skoðuð með því að kalla fram tíðnitöflur. Tengsl búsetu og dreifingu svara við spurningum könnunarinnar voru síðan skoðuð með kí-kvaðrat-prófi sem og krosstöflum. Töflurnar voru að lokum settar fram með einföldum og skýrum hætti. Skoðað var munur á milli skoðana meðal heimamanna og gesta. Í nokkrum tilvikum var leyfilegt að haka við fleiri en einn valkost og er ástæðan fyrir prósentu yfir 100% í tilheyrandi spurningum.

5 Eigindlegar niðurstöður

Í þessum kafla verður sagt frá upplifun heimamanna og gesta af Þjóðhátíð. Heimamenn töldu hátíðina vera fjölskylduhátíð og að hátíðin stæði ekki einungis yfir helgina heldur alla vikuna fyrir hátíðarhöldin þegar undirbúningur á sér stað. Gestir voru heldur á því máli að hátíðin væri fyllerishátíð en einnig nokkuð fjölskylduvæn. Komið verður inn á þá neikvæðu þætti sem sverta hátíðina á einn eða annan hátt. Því næst verður farið í upplifun af hátíðardagskrá þar brennan stóð upp úr hjá heimamönnum, mikil spenna ríkir einnig meðal heimamanna og gesta um þjóðhátíðarlag hvers árs. Gestir voru á því máli að þjóðhátíðarlögin spila stórt hlutverk þegar að hátíðinni kemur. Umfjöllun um þau umhverfisáhrif sem hátíðin gæti haft í för með sér fylgir svo þar á eftir þar sem komið verður inn á umgengni í dalnum sem mætti vera betri því mikið rusl og slæm umgengni fylgir fjöldanum sem kominn er saman í Herjólfsdal. Viðmælendum var ekki efst í huga að ganga vel um í Herjólfsdal en koma inn á það að margt mætti gera betur til að bæta umgengnina. Gestirnir horfa opnum augum á þær breytingar sem hægt væri að framkvæma til að stuðla að betri umgengni. Næst verður svo sagt frá upplifun gesta af þjóðhátíð. Ljóst er að vinsælt er að sækja hátíðina oft, umvafinn ástvinum. Kærleikur er það helsta sem einkennir hátíðina og bera viðmælendur söguna af Þjóðhátíð vel.

5.1 Heimamenn

5.1.1 Upplifun af Þjóðhátíð

Þegar borin var upp sú spurning við viðmælendur í hópi heimamanna hver upplifun þeirra af þjóðhátíð væri voru skoðanir þeirra nánast þær sömu. Þar kom sterkt fram að hátíðin væri fyrst og fremst fjölskylduskemmtun. Þetta væri engu að síður einnig fylleri og kæmi oft upp sú umræða hjá heimaþólki hvernig þessu tvennu væri blandað saman. Þórhildur nefndi að misjafnt væri hvernig fólk háttaði þessu hjá sér. Sumir kjósa það að djamma fyrir framan börnin sín en aðrir ekki.

Fyrir mér þá byrja ég að djamma eftir að ég er búin að fara með barnið heim. Ég hef það þannig að allavega annað okkar er edrú á kvöldin til að getað stokkið til ef eitthvað kæmi upp á. Svo bara yfir höfuð geggjáð fjör sem manni hlakkar lengi, lengi til alltaf.

Daníel rekur fyrirtæki í Vestmannaeyjum og þarf hann að mæta til vinnu að degi til alla helgina og hefur því ekki tók á að vera í dalnum. Hann reynir eftir bestu getu að verja tíma með fjölskyldunni yfir hátíðina á kvöldin.

Upplifunin af þjóðhátíð er náttúrlega bara frábær, þjóðhátíðin er bara frábært fyrirbæri, það er bara svoleiðis. Mikil fjölskylduskemmtun og ég sakna þess að geta ekki verið í dalnum yfir daginn.

Upplifun beggja viðmælenda er góð og bera þau söguna vel enda nánast alin upp við að mæta og taka þátt í hátíðarhöldunum. Fyrir heimamenn er þetta ekki bara helgarskemmtun heldur er byrjað á öllum undirbúningi viku fyrir hátíðarhöldin. Skipulagning innan fjölskyldunnar hefst þá með verkaskiptingu, hvað hver og einn ætlar að sjá um. Huga þarf að öllu sem við kemur hvítu tjöldunum þar á meðal bakstri, uppsetningu, húsgögnum, drykkjum o.fl. Viðmælendur nefndu bæði að skipulagningin væri stór partur af hátíðinni þar sem öll fjölskyldan er samankomin og hjálpast að.

Viðmælendur telja þjóðhátíðina ekki vera eins ef ákvörðun hefur verið tekin innan fjölskyldunnar að tjalda ekki hvítu tjaldi eða að sleppa undirbúningnum. Annar viðmælanadinn hafði eitt sinn misst af undirbúningnum og hátíðin var alls ekki sú sama. Skipulag fjölskyldunnar er yfirleitt háttáð þannig að tekin er þriggja vikna viðvera í Vestmannaeyjum í kringum Þjóðhátíð. Viðmælandinn kom eitt sinn á fimmtudagskvöldi, daginn fyrir hátíðina, og leið eins og hann hafi misst af allri hátíðinni. Hinn viðmælandinn tók eitt sinn þá ákvörðun að tjalda ekki hvítu tjaldi það árið. Að hans sögn var það hreint út sagt ömurlegt. Segja mætti því að undurbúningur heimamanna fyrir hátíðina og hvítu tjöldin skiptu jafnvel jafnmiklu máli og hátíðin sjálf og virðist vera stór partur í hátíðarhöldunum að taka þátt í undirbúningi með fjölskyldunni.

Viðmælendur voru ekki á sama máli að sú gríðarlega fjölgun gesta ár hvert sé jákvæð þróun. Gestir hátíðarinnar telja mörgum þúsundum og virðist fjölga milli ára. Upplifun Þórhildar þegar kemur að gestum hátíðarinnar er alls ekki slæm og nefnir hún að það sé í raun partur af hátíðinni og upplifuninni hversu gaman er að sjá svo marga samankomna til að skemmta sér. Daníel er aftur á móti hræddur um að verði fjölgunin meiri þá væri hætta á að missa tökin á þessu:

Ég er hræddur um að það gæti gerst að fjöldinn fari í tuttugu þúsund. Ekki það að ég sé á móti fólkinu, það er aðallega að geta sinnt öllu fólkinu. Ef þú missir tökin þá missir þú sjarmann af allri hátíðinni, það er bara svoleiðis. Þjóðhátíð er sjarmi!

Hann hræðist að stjórnendur og þeir sem að hátíðinni koma missi tökin á skipulagningu og utanumhaldi á hátíðinni með mikilli fjölgun hátíðargesta. Þeir gestir sem koma til Vestmannaeyja þurfa til dæmis allir að baða og næra sig og erfitt væri að uppfylla allar óskir gesta, því væri hætta á að missa tökin og þar af leiðandi þann glæsibrag sem þjóðhátíð hefur. Hann talar um þjóðhátíð sem „algjöran sjarma“ því það ríkir nánast einungis gleði og hamingja yfir þessa tilteknu helgi og svoleiðis ætti það að vera áfram.

Þó að þjóðhátíð snúist að mestu leyti um mikla skemmtun og góða upplifun hafa í gegnum tíðina komið upp neikvæði mál sem sverta hátíðina að einhverju leyti. Ber þá helst að nefna nauðgunar-, ofbeldis- og eiturlýfjamál. Annar viðmælandinn var þó á því máli að þetta sé sennilega að eiga sér stað alls staðar í heiminum en væri mikið í umræðunni þegar kemur að þjóðhátíð. Viðmælendum þykir engu að síður gríðarlega vel staðið að allri gæslu yfir hátíðina og er hún til fyrirmyndar. Starfsmenn eru á gangi um brekkuna allt kvöldið og huga að fólki í annarlegu ástandi. Alltaf er verið að leita að lausnum til að bæta og breyta á svæðinu og er kynjaskipting á salernisaðstöðunni til að mynda gott dæmi um það.

Auðvitað eru leiðinleg mál sem hafa komið upp, algjörlega. Það finnst okkur öllum mjög neikvætt að sjálfsögðu. Þetta gerist alltaf einhversstaðar en engu að síður hvort sem það gerist í Reykjavík eða hér á þjóðhátíð þessi nauðgunarmál eða hvað, þá er

Það náttúrulega alveg afleitt og það er alltaf verið að reyna að fyrirbyggja og gera eitthvað meira í því.

Þessi umræða er hávær ár hvert og svertir hátíðina að einhverju leyti. Bleika fíls vitundarvakningin, sem er lagt mikið upp með á hátíðinni er herferð gegn nauðgunum. Þessi herferð hefur verið gríðarlega mikilvæg og skilað miklum árangri. Bleiki filinn er þá í hið minnsta skref í rétta átt til að reyna að koma í veg fyrir þessi alvarlegu mál.

5.1.2 Upplifun af hátíðardagsskrá

Okkur fannst forvitnilegt að fá að vita hvaða dagskrárliðir stæðu upp úr hjá viðmælendunum. Þórhildur taldi nánast upp alla helstu dagskrárliðina þegar spurt var um hver upphaldsdagskrárliðurinn væri. Brennan er þó sá dagskrárliður sem virtist standa upp úr í hátíðarhöldunum og hafa hvað mest gildi fyrir viðmælendur okkar. Annar þeirra sagði t.d. um brennuna:

Það er bara hápunkturinn, þetta tvennt og góð kvöldvaka svo sem líka. Það er alltaf gaman að sitja saman í brekkunni og við fjölskyldan færum okkur alltaf meira að segja til fyrir flugeldasýninguna og brennuna.

Ástæðan fyrir því að viðmælandi og fjölskylda hans færa sig til er að forðast troðninginn. Orð hans undirstrika þannig gildi brennunnar í þeirri fjölskylduupplifun sem hátíðin er fyrir heimamenn. Hinn viðmælandinn gaf annað sjónarhorn á gildi brennunnar, því kærasti hennar tekur þátt í að byggja hana dagana á undan. Orð hennar varpa ljósi á hvernig heimamenn eiga hlutdeild í þessum dagskrárlið og hvernig það gefur honum aukið gildi.

Oft stendur hið klassíska upp úr sem eru blysin og setja þau punktin yfir i-ið. Annar viðmælandinn ítrekar að þetta sé hátíð fyrir fjölskylduna en margir séu komnir á öðrum forsendum og hafi hún til að mynda fengið spurningu um hvað hún sé að gera með barn í dalnum að kvöldi til. Sá einstaklingur var ekki á þjóðhátíð á sömu forsendum og heimafólkið.

Hápunktur fyrir marga er einnig þjóðhátíðarlagið sem er samið fyrir hverja þjóðhátíð. Viðmælendurnir telja það stóran hluta hátíðarinnar og virðist vera svo að lögin hafa mikla þýðingu fyrir flesta heimamenn. Fyrirkomulagið hafi þó breyst með tímanum því til að byrja með voru það Oddgeir Kristjánsson og fleiri góðir menn sem komu að þjóðhátíðarlögunum en hafi nú breyst og séu valdnir þekktir einstaklingar til að flytja og semja lögin. Annar viðmælandinn er þó þeirrar skoðunar að meira mætti spila af þjóðhátíðarlögunum yfir helgina, bæði gömlum og nýjum.

Við sjáum náttúrulega hvað þessi þjóðhátíðarlög hafa að segja. Síðast fór ég nú bara 27. janúar í Hörpuna á tónleika sem haldnir voru núna í 9. skiptið. Vestmanneyja-tónleikar þar sem þjóðhátíðarlög eru flutt, bæði gömul og ný. Það er náttúrulega bara magnað.

Mikil eftirvænting ríkir ár hvert að vita hver flytur lag þess árs og þegar þjóðhátíðarlagið nær að fanga það sem þjóðhátíðin snýst virkilega um sé ávallt gleði í Herjólfssdal. Annar viðmælandinn hafði þetta að segja um tiltekið þjóðhátíðarlag:

Eins og það var einhver setning í laginu La Dolce Vida, nú er ég búin að vinna svo mikið og loksins komið að þessu. Þú veist, vera búin í skólanum og svo fer maður að vinna allt sumarið, svo loksins er komin þjóðhátíð. Maður átti svo skilið bara að fara að skemmta sér og já, þannig já, þjóðhátíðarlagið fyrir mér og okkur gefur mikið.

Mörgum vikum áður en hátíðin á sér stað hljóma einnig þjóðhátíðarlagalistar á flestum vinnustöðum í Vestmannaeyjum og stigmagnar eftirvæntingu fyrir hátíðina og má því segja að þetta sé mikilvægur liður þjóðhátíðar.

5.1.3 Upplifun af umhverfisáhrifum

Annað viðtalið leiddi í ljós að á tímabili var umræðan hjá heimamönnum frekar neikvæð þegar það átti sér ítrekað stað að fólk væri að gera þarfir sínar í næsta garði þegar það tjaldaði í görðum. Það var helsti hápunktur sem hún mundi eftir hvað varðar umræðu um slæma umgengni gesta.

Svo minnkaði aftur þessi garðagisting og það var bara svona umræða meðal heimamanna að þú mundir ekki leyfa gistingu í garðinum hjá þér nema það væri aðgangur að klósetti. Það var sett bara einhverskonar óskrifuð regla svo að fólk færi ekki að kúka í garðana í kring, því einhverssaðar þarftu að fara á klósettið, skiluru, það segir sig sjálf.

Í framhaldi af því kom í ljós að minna væri um að fólk tjaldaði í görðunum síðustu ár. Hvert sem það væri vegna erja milli nágranna eða vegna fjölgun tjaldsvæða, er erfitt að segja, sennilega bæði. Einnig kom skýrt fram að með góðu fyrirkomulagi á tjaldsvæðunum bæði hjá fyrirtækinu *RentATent* og á tjaldsvæðum í Vestmannaeyjum væri meira um að fólk tjaldi á þeim svæðum heldur en í bakgördum heimamanna. Vel væri staðið að öllu hvað varðar tjaldsvæðin og gæslu þar. Þórhildur tók svo til orða:

Frábært að það sé hægt að afmarka eitthvað ákveðið tjaldsvæði til að minnka að fólk sé út um allt. Það skapar líka bara stemningu að allir séu saman á tjaldsvæði.

Hvað varðar umgengni í Herjólfsdal höfðu viðmælendur ekki orðið vör við mikla umræðu meðal heimamanna. Þó að vissulega væri alltaf ákveðið áfall sjá hve dalurinn lítur illa út á mánudegi eftir hátíðina. Viðmælendur nefndu bæði að gríðarlega vel væri staðið að allri hreinsun yfir helgina. Dæmi voru tekin um að þegar farið er að birta undir morguninn og fólk sér hvað allt er óegðslegt en mætir svo með fjölskylduna á barnaskemmtunina þá sé ekki einu sinni glerbrot sjáanlegt því búin er að hreinsa allt. Iðkendur ÍBV sjá um að hreinsa dalinn í fjáröflunarskyni og fá m.a. peninga fyrir flöskur. Daníel vildi ekki meina að þetta hefði neikvæða umræðu í för með sér og er á því máli að með svona miklum fjölda láti alltaf eitthvað á sjá á svona hátíðum. Hann nefnir að þrifið sé mjög vel eftir hvert kvöld:

Fyrir hádegi alla daga er búin að þrifa Herjólfsdalinn, það er drasl um morguninn ef þú ferð þangað um 6-7 leytið og horfir yfir þegar byrjað er að birta, þá er þetta ekkert fallegt sko en það fylgir þessu held ég bara.

Annar viðmælandinn sem rekur fyrirtæki í Vestmannaeyjum, hrósaði að fyrrabragði viðskiptavinum sínum sem koma til hans yfir alla helgina og getur alls ekki kvartað undan

sóðaskap. Hann segir að allir séu til fyrirmyndar. Hann bendir á að einhver hluti af gestum hendi rusli í ruslið en aðrir ekki, vissulega séu fullt af ruslatunnum um allt svæðið.

Svo eru heimamenn sem taka mikið með sér úr brekkunni eftir kvöldvökuna. Þeir taka með sér inn í tjaldið sitt eða henda í ruslagáminn og annað. Ég held alveg að fólk sé svolítið meðvitað um það að reyna það, en þegar það er komið fram á nótt og gamanið byrjar fyrir alvöru að þá eru kannski menn ekki að hugsa jafn mikið um það.

Þórhildur nefndi dæmi frá Þjóðhátíð árið 2018 þar sem hreinsunarstarfsmenn fundu gríðarlegt magn af fullorðinsbleyjum við tiltektina í dalnum. Út frá því ræddum við um salernisaðstöðu í Herjólfsdalnum. Augljóslega þyrfti að gera eitthvað í þeim málum því ef gestum er alltaf að fjölga þarf einnig að fjölga klósettum á svæðinu. Breyting til hins betra var þó gerð þegar salernisaðstaðan var kynjaskipt.

Það var reyndar gott það sem þeir gerðu að þegar þeir afgirtu kvennasvæðið. Þannig það gerði röðina á klóid mun styttri. Það þarf samt örugglega fleiri víst það er alltaf að fjölga gestum, en mér fannst þetta svolítið fyndið að fólk myndi í alvörunni bara nota bleyju.

Að öðru leyti finnst viðmælendum vel staðið að hreinsun yfir hátíðina og taka sem dæmi grindverk sem hefur verið staðsett efst í brekkunni í dalnum svo að rusl og annað fljúki ekki upp fyrir og fari ofar í fjallið eða út í sjó og mengi þannig út frá sér. Starfsmenn mæta klukkan níu á hverjum morgni yfir helgina og byrja að þrifa. Aðspurð um það hvernig hægt væri að minnka ruslið og með því minnka mengun og þau umhverfisáhrif sem eiga sér stað sagði Þórhildur frá því að það er lagt mikið upp með það að miðla til fólks, sérstaklega til þeirra sem eru með hvít tjöld að fara með rusl í gámana. Einnig að það sé mjög aðgengilegar ruslatunnur og endurvinnslugámar fyrir flöskur sem auðvelt er að henda í. Við ræddum um að mögulega væru það skilaboð sem einungis ná til heimamanna og með meiri umfjöllun væri hægt að ná til stærri hóps. Um leið og búið er að festa eitthvað í hausinn á manni þá man maður það frekar og er líklegri til þess að framkvæma.

Það er ekkert gert, maður heyrir aldrei í neinum auglýsingum frá þjóðhátíðarnefnd eða neitt svoleiðis þú veist „munum að henda rusli“ eða eitthvað svona, „göngum vel um dalinn okkar“ eða jú, stundum heyrir maður kannski sagt göngum vel um dalinn en mætti alveg gera meira af því.

Þó heyrir stöku sinnum frá kynnum þjóðhátíðar þar sem þeir hvetja fólk til þess að ganga vel um dalinn, hefur engin markaðsetning eða herferð litið dagsins ljós hvað þetta varðar, að minnsta kosti ekki herferð sem hefur skilað neinum markvissum árangri. Eftir að hafa rætt við Þórhildi og Daníel kom það fram að þau gera sér grein fyrir þessum áhrifum en hafa ekki mikið leitt hugann að því vegna skort af kunnáttu á þessum málum. Þau voru sammála um að meiri vitundarvakning væri á umhverfisáhrif af völdum skipa og flugvéla en sáu það ekki fara að hafa áhrif á hátíðina sjálfa. Til þess að fara til Vestmannaeyja þá þarf einfaldlega að nota bíl og því næst flugvél eða skip og erfitt væri að minnka þessi áhrif. Þórhildur bendir á hugmynd Árna Johnsen fyrir nokkrum árum:

Við hefðum kannski frekar átt að hlusta á Árna Johnsen fyrir einhverjum 12-15 árum þegar hann vildi gera göng, þá væru þau komin núna og þá værum við laus við þessa þælingu.

Hægt væri heldur að framkvæma í dalnum, vinna á móti þeim kostnaði og/eða mengun sem á sér stað hvað varðar samgöngur með ákveðnum aðgerðum í dalnum. Annar viðmælandinn viðurkenndi að hafa ekki leitt hugann mikið að umhverfisáhrifum sem þessi helgi kunni að hafa í för með sér en varpaði fram að nýi Herjólfur sem siglir milli Landeyjarhafnar og Vestmannaeyja gangi einungis fyrir rafhlöðu eða rafmagni sem ætti því að hafa minni umhverfisáhrif í för með sér.

Ástandið á brekkunni í dalnum á mánudagsmorgni er oftast mjög slæmt en viðmælendur voru sammála um að brekkan yrði mjög fljótt aftur eins og hún á að vera. Þau voru bæði kunnug því að unnið væri yfir sumartímamann að því að undirbúa dalinn með því að bera á hann og annað þó að þau hefðu ekki nákvæmar upplýsingar hvernig sá undirbúningur færi fram. Skipulagningar nefnd þjóðhátíðar byrjar strax að starfa og funda um næstu þjóðhátíð nánast í vikunni eftir að þjóðhátíð lýkur og alltaf er verið að reyna eftir bestu getu að breyta og bæta fyrir hag allra gesta.

5.2 Gestir

5.2.1 Upplifun af Þjóðhátíð

Þegar viðmælendur greindu frá upplifun sinni af þjóðhátíð var augljóst að vinsælt væri að fara eins oft og hægt er á hátíðina og helst ár hvert. Tónlistarmaður á Þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum er ein leið til þess að upplifa þjóðhátíð. Magnaðasta við upplifunina sem tónlistarmaður er þegar spilað er í fyrsta skipti á þjóðhátíð. Á sviðinu þar sem þúsundir manna sátu í brekkunni og allir kunna löggin sem tekin eru, sama hvaða lag það var. Sú upplifun er allt önnur en upplifunin sem gestur, en virðist þó vera afar skemmtileg og gefandi engu að síður þó svo að upplifunin af þjóðhátíð sem tónlistarmaður sé mikilfengin, þá er upplifunin sem gestur engu síðri og skapast margar góðar minningar frá hátíðinni. Upplifunin sem gestur á þjóðhátíð er svo sterk að gestirnir eru strax orðnir spenntir fyrir næstu hátíð. Viðmælendur lýsa heimamönnum sem mjög góðu og hlýju fólki sem tekur vel á móti gestum yfir hátíðina. Gestrisnin er því mikil meðal heimamanna og hefur það áhrif á upplifun gesta af hátíðinni. Þjóðhátíð einkennist af kærleik og stemningu, þar sem allir eru komnir saman til Vestmannaeyja með sama markmið, að skemmta sér. Það er alveg sama hvar gestir eru staðsettir, aldrei er langt í gítarinn, lopapeysuna og bjórinn. Að vera á þjóðhátíð með vinafólki og fjölskyldu skipti viðmælendur mestu máli. Emil talaði vel og lengi um stemninguna á þjóðhátíð og lýsti hann henni með eftirfarandi hætti:

Það hvaða tónlistarmenn eru að spila á hátíðinni skiptir litlu sem engu máli því maður veit að það verður alltaf gaman sama hver spilar.

Viðmælendur voru samhljóða þegar þeir voru spurðir út í tegund hátíðarinnar. Hvort þjóðhátíð væri fjölskylduvæn hátíð eða hátíð til þess að innbyrða sem mestu áfengi á sem skemmstum tíma. Ljóst er að hátíðin er í senn fjölskylduvæn og fyllerishátíð. Hvítu tjöldin eru stór tjöld sem heimamenn setja upp fyrir sig og sína en þó eru allir velkomnir í heimsókn. Í þessum tjöldum eru oftast en ekki lítil börn að leika sér langt fram á nótt. Heimamenn sitja einnig gjarnan á ákveðnum stað í brekkunni. Fjölskyldufólkið er yfirleitt meðfram brekkunni til hægri ásamt því að sumir sitja í stólum neðst í brekkunni. Gestirnir sitja yfirleitt ofar í

brekkunni og til vinstri. Samkvæmt Emilíu er þjóðhátíð fjölskylduhátíð í augum Vestmannaeyinga en fyllerishátíð í augum gesta. Emilía tók svo til orða:

Ég ætla að vera gömul kona sem fer á þjóðhátíð með barnið mitt. Heimamann eru kannski meira að þæla í hvítu tjöldunum á meðan ég er að ramba á milli í hvítu tjöldunum.

Erfitt reyndi að koma í orð hvað væri best við þjóðhátíð en á endanum stóðu kærleikurinn og ástin öðrum fremur. Að fara í göngutúr um náttúruna sem Vestmannaey hefur að geyma á stóran þátt í þessari einstöku upplifun. Meginþorri fólksins er mætt á þjóðhátíð til þess að skemmta sér fallega og á heilbrigðan hátt. Markmiðið er að syngja með öllum lögum og dansa eins mikið og hægt er. Blysin eru talin vera klassískur hluti þjóðhátíðar og að vera umkringd/ur fólki er það sem myndar augnarblikid. Þegar brennan hefst myndast ólýsanleg hamingja í andrúmsloftinu. Samkvæmt Emil er það eina sem sem hann langar að gera þegar brennan byrjar eftirfarandi:

Maður fer og alltaf og passar upp á það að finna sína nánustu, þetta er alveg ótrúlega fallegt og hreinlega einhverjir töfrar sem fólk býr til sko.

Í beinu framhaldi af því sem viðmælendur töldu vera það besta við þjóðhátíð komu þeir inn á slæmu kosti hátíðarinnar. Ofbeldi af öllum toga og eiturlyf var það sem lá viðmælendum mest á hjarta. Hvorugur viðmælandinn hefur lent í slíku áfalli eða orðið vitni af því og telja þeir þetta vera þeim afar fjarlægt. Bleiki fillinn er þó málefni sem opnar umræðuna um ofbeldi, hvetur fólk til þess að líta ekki fram hjá atviki sem hægt væri að koma í veg fyrir. Bleiki fillinn stuðlar að því að auka meðvitund meðal fólks, að allir hjálpist að og séu vakandi fyrir kynferðisofbeldi. Erfitt er að stöðva allt ofbeldi þar sem er svona fjölmennt eins og á Þjóðhátíð en það væri mögulega hægt að halda því í lágmarki með ýmsum leiðum, t.d með samstilltu átaki. Þetta er gott málefni frá heimamönnum, þetta er stærsti galli hátíðarinnar og var þetta þeirra aðferð til þess að reyna að tækla vandamálið.

5.2.2 Upplifun af hátíðardagsskrá

Ljóst er að þjóðhátíðarlögn spila gríðarlega stórt hlutverk á hátíðinni meðal viðmælenda. Annar viðmælendanna er tónlistarmaður og elskar þessi gömlu góðu þjóðhátíðarlög hvað mest, þá helst þegar Hreimur átti stórleik í lagasmíð. Samkvæmt honum var það draumur frá upphafi að geta átt þjóðhátíðarlag. Lögin lifa betur með þjóðinni vegna þessara töfra sem eiga sér stað í Herjólfssdal. Þegar lögin eru svo spiluð seinna meir þá tengja hlustendur við einhverja minningu frá hátíðinni. Upplifunin lýsir sér þannig að gestir hátíðarinnar eru teknir til baka í ákeðið umhverfi í Herjólfssdal, endurupplifun á bæði umhverfi og stund. Emil taldi sig vera heppinn að hafa farið sjálfur sem gestur á þjóðhátíð en hann tók svona til orða:

Þannig get ég sett mig í spor gestanna og samið út frá tilfinningunni sem ég fæ þegar maður er þarna.

Lögin eru talin vera frekar misjöfn en öll eiga þau það sameiginlegt að vera lykillinn að þjóðhátíð. Ef ekki væri nýtt lag ár hvert, væri hátíðin alltaf eins og myndi þar með missa þokka sinn að einhverju leyti. Að heyra lagið í bílnum í júlí er ekki það sama og að vera í Herjólfsdal með sínum nánustu að hlusta á lagið. Upplifunin er ólýsanleg en segja má að öll vandamál gleymist á hátíðinni. Þó svo lagið sé leiðinlegtl, verður lagið ólýsanlegt á augnablikinu þar sem þúsundir manna syngja hástöfum með því. Lagið *Ljúft að vera til* var ekki hefðbundið þjóðhátíðarlag, það er aðeins hressara en önnur lög. Textalega hefur lagið þó allt sem þarf til að geta flokkast sem þjóðhátíðarlag. Lagið *Á sama tíma á sama stað* er með löngum atkvæðum, einfalt og ekki of djúpt þannig að allir geta sungið með laginu. Gott þjóðhátíðarlag sem gestir tengja við, nær fram betri stemningu í brekkunni og er sennilega markmið allra tónlistarmanna. Samkvæmt Emil þarf lag sem á að vera þjóðhátíðarlag að minnast á Herjólfsdal og umhverfið þar í kring allavega einu sinni. Þó hefur lagið fyrst og fremst þann tilgang að ná fram ákveðinni tilfinningu. Samkvæmt Emilíu er lagið *Lífið er yndislegt* lykillinn að þjóðhátíð og segir að þjóðhátíð væri ekki sú saman án þess. Emilía tók svona til orða:

Þjóðhátíð er hápunktur sumarsins.

Því má segja að þjóðhátíðarlögin spili stórt hlutverk fyrir þjóðhátíð. Spyrja mætti hvort hátíðin væri jafnvinsæl og hún er ef ekki væru til þjóðhátíðarlög. Þar sem gefið er út nýtt lag ár hvert sem gerir einstaklinga spennta fyrir hátíðinni. Þjóðhátíðarlögin nefna einnig oftast en ekki umhverfi Herjólfsdals eða jafnvel tala um eyjuna í heild sinni. Látíð er í ljós að eyjan sé græn og falleg, en er hún í raun og veru jafn græn og þessi lög segja til um?

5.2.3 Upplifun af umhverfisáhrifum

Athygli vakti að viðmælendur huguðu lítið sem ekkert til þeirra umhverfisáhrifa sem kunna að eiga sér stað fyrir hátíðina. Annar viðmælendinn lifir þeim lífsstíl að hann drekkur ekki áfengi og sækir þjóðhátíð með fjölskyldu sinni. Sá lífsstíll skiptir þó engu máli hvað varðar aukna athygli á umgengni í Herjólfsdal. Hinn viðmælendinn fer á þjóðhátíð til þess að drekka áfengi umvafinn vinum sínum og er það allt sem skiptir viðmælendann máli. Það lítur því út fyrir að ekki sé efst í huga þjóðhátíðargesta að ganga vel um þegar komið er í Herjólfsdalinn. Emil tók svo til orða:

Vá maður, ég verð að segja þér heiðarlega að ég hef kannski ekki haft miklar áhyggjur af því vegna þess að þau eru búin að halda þetta í einhver hundrað ár á sama stað.

Viðmælendur komu inn á vöntun á ruslatunnum á tjaldsvæðum. Gestir á tjaldsvæðunum eru því gjarnan með poka fyrir allt sitt rusl en þar sem lítið er um ruslatunnur á tjaldsvæðum er eðlilega ekki efst í huga gesta að flokka og tína upp rusl eftir sig. Kamrarnir á hátíðinni verða einnig skítugir og taka gestir gjarnan með sér blautþurrkur og gera þarfir sínar frekar í náttúrunni heldur en að fara á kamrana. Þar sem lítið er um ruslatunnur á það til að koma fyrir að gestir hendi iðulega blautþurrkunum frá sér á staðnum. Sjálfboðaliðar taka til í brekkunni á hverjum degi á öllu svæðinu á meðan á hátíðinni stendur. Samkvæmt Emilíu eru þetta íbúar Vestmannaeyja sem taka verkefnið að sér og fá þau kannski frímiða á hátíðina í staðinn. Þannig ná íbúar að leggja sitt af mörkum til að passa upp á fallettu náttúruna sína. Brekkan að nóttu til þegar flestir hafa komið sér heim er drullug og vægast sagt óheillandi. Mörg þúsund manns eru samankomin í brekkuna og verður átroðningurinn mikill og

tilheyrandi rusl fylgir fjöldanum. Tjörninn er alltaf grútskítug og er ekki möguleiki á því að vita hvað er þarna ofan í. Emilía sagði eftirfarandi:

Það eru allavega engar endur þarna í tjörninni.

Þeir sem sækja hátíðina nú til dags eru af þeirri kynslóð, samkvæmt Emil, að ekki er verið að henda rusli út um rúðuna á bílnum eða á götuna í göngutúr. Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig hægt væri að ganga betur um dalinn voru svörin loðin og flókin. Bent var á að hægt væri að hvetja fólk til þess að koma með fjölnota flösku sem hægt er að fylla í stað þess að vera með glerflöskur í Herjólfdal. Auk þess var bent á að það væri hægt að setja net yfir brekkuna til þess að verja grasið eða bera áburða á það. Emil sagði að þetta væri ekki eins og í bíó þar sem fólk stendur upp eftir sýningu og hendir ruslinu eftir sig. Hann stakk upp á því að kynnir þjóðhátíðar myndi segja eftirfarandi í hljóðnemann:

Jæja, núna eru fimmtán mínútur í næsta atriði og núna ætlum við að henda rusli, pokinn er að ganga.

Hann bætti þó við að hann héldi að öllum gestum væri sama um þetta. Áhugavert var að báðir viðmælendur sögðust vera meira en tilbúnir til þess að flokka ruslið eftir sig ef flokkunartunnur væru til staðar. Vekja þarf athygli á þessu með herferð og öllu tilheyrandi líkt og gert var með bleika filinn, nema núna með áherslu á náttúruna. Emilía ræddi að heimamenn væru afar duglegir í daglegu lífi að flokka allt rusl eftir plasti, pappa, matarleifum, gleri o.s.frv. Því má velta vöngum yfir hvort ekki sé áhugi meðal heimamanna að flokka samstundis ruslið sem myndast í kringum hátíðina. Emilía tók svona til orða:

Það væri sniðugt að færa þessa flokkunarhefð yfir á hátíðina.

Viðmælendur höfðu ekki leitt hugann að áhrifum ferðalagsins til og frá Vestmannaeyjum. Þó nefndu báðir að þessi rannsókn myndi gera það að verkum að þau færu að huga frekar að þeim áhrifum sem ferðalagið gæti haft í för með sér. Báðir sögðust þeir keyra bílinn sinn til Landeyjarhafnar og jafnvel taka bílinn sinn með sér til Vestmannaeyja. Frá Landeyjarhöfn taka þeir Herjólf til Vestmannaeyja og frá Vestmannaeyjum labba þeir þangað sem þeir gista eða taka leigubíl. Samkvæmt Emilíu kys hún frekar að ganga í Herjólfsdal en að taka leigubíl eða bekkjarrútuna. Bekkjarrútan er vagn ferjar alla gegn gjaldi sem er nú til dags of hátt verðsett að hennar mati. Slíkt hefur sína kosti og galla en einn kosturinn er sá að það hvetur gesti til að labba frekar en að nýta sér samgöngur. Emil sagðist ekki hafa áhyggjur af mengun þar sem bíllinn hans væri blendingsbíl (e. hybrid car) og taldi hann sig þar með ekki menga jafn mikið og þeir sem ekki eru á slíkum bílum. Emil var afar glaður og tók að rappa lag í sambandi við bílinn sinn og var söngurinn eftirfarandi:

Ég tók bílinn í Herjólf, ég tók bílinn í Herjólf.

Í beinu framhaldi af söngnum var Emil spurður út í Herjólf, hvort hann væri blendingur (e. hybrid) eins og bíllinn hans. Þá varð aðeins þyngra yfir honum og sagðist hann ekki hafa hugað að því en velti fyrir sér hvernig Herjólfur er samborið við flugvél. Hann velti því einnig fyrir sér hvort hægt væri að draga úr menguninni með því að gera göng eða brú yfir til Vestmannaeyja þannig að ferðamenn geti keyrt yfir til eyjunnar. Emilía leiddi hugann að því hvers konar umhverfisáhrif þetta ferðalag gæti haft. Hún komst að þeirri niðurstöðu að Herjólfur mengar mikið og getur haft áhrif á sjávarlífið, bílarnir menga og geta haft áhrif á ósonlagið. Gestir losa sig við rusl hvar og hvenær sem er og brekkan er ógeðsleg út af

fjöldanum í henni. Því má segja að Emilía geri sér grein fyrir því hvað ferðalagið getur haft í för með sér. Emilía tók svo til orða:

Kannski er hægt að minnka mengunina með því að þjappa í bilana eða nota rútur og strætó frekar en bíla.

Það er í áætlanagerð að gera Herjólf að blendingsbát. Það er þó margt annað sem mögulega spilar inn í hvað varðar áhrif á umhverfið.


6 Meginndlegar niðurstöður

Gerðar voru tíðnitölur fyrir breytur kyn, búsetu, gistaðstöðu gesta á Þjóðhátíð og hvernig gestir komu sér til Vestmannaeyja. Beitt var lýsandi tölfræði til að skoða dreifingu kyns, búsetu, gistaðstöðu gesta og hvernig þeir komu sér til Vestmannaeyja. Einnig er dreifing svara við spurningum könnunarinnar birt annars vegar fyrir heimamenn og hins vegar gesti, þar sem slíkt á við. Tölfræðilega marktækur munur var á dreifingu svara við öllum spurningum eftir því hvort um var að ræða heimamenn eða gesti ($p < 0,05$), að undanskilinni spurningunni þar sem kannað var hvort gestir sem og heimamenn nýta sér salernisaðstöðurnar í Herjólfssdal. Vegna fárra svara af landsbyggðinni eru svör gesta ekki greind niður eftir því hvort þeir voru búsettir á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan var sú að sumir flokkar landsbyggðarinnar voru fámennir og leiddi það til skekkju í niðurstöðum. Því gaf betri sýn á viðhofum heimamanna samanborið við gesti að sameina þessa flokka.

6.1 Hátíðin


Það eru skiptar skoðanir á því hvernig hátíð þjóðhátíð er og í raun kemur hátíðin inn á marga þætti í upplifun hvers og eins. Sama má segja um þjóðhátíðarlögin og misjafnt er hvert viðhorf fólks er til þjóðhátíðarlaganna þó flest svörin hafi verið jákvæð.

Mynd 6 sýnir að í hugum heimamanna er hátíðin fyrst og fremst fjölskylduhátíð en gestir líta á hátíðina ýmist sem fjölskylduhátíð, fyllerishátíð eða tónlistarhátíð. Áhugavert var að sjá að mikil dreifing var á svörum gesta. Álíka hátt hlutfall gesta töldu hátíðina vera fjölskylduhátíð, fyllerishátíð og tónlistarhátíð.



Mynd 6: Hvers konar hátíð er Þjóðhátíð að þínu mati? *Hér má velja fleiri en einn valmöguleika.

Mynd 7 sýnir viðhorf heimamanna og gesta til þjóðhátíðarlaganna. Lang flestir svarenda sögðu þjóðhátíðarlögin vekja upp minningar um stað, stund og ákveðið umhverfi. Heimamenn og gestir voru nokkuð sammála hvað varðar þessa spurningu og nánast allir þeir sem nefndu fyrrnefndan valmöguleika, nefndu einnig valmöguleikann „þau eru lykillinn að Þjóðhátíð“.




Mynd 7: Hvaða þýðingu hafa þjóðhátíðarlögin fyrir þig? Hér má velja fleiri en einn valmöguleika.

6.2 Umgengni


Þegar talað er um umgengni í Herjólfssdal eru margir á þeirri skoðun að hægt sé að gera betur. Oftar en ekki má sjá hátíðargesti gera þarfir sínar í brekkunni eða henda frá sér rusli. Upp kom sú umræða í viðtölum að möguleiki væri á því að skortur væri á salernisaðstöðu á þjóðhátíð og var því sú spurning lögð fyrir í spurningakönnuninni til að fá skýrari mynd á viðhorf heimamanna og gesta.

Mynd 8 sýnir viðhorf heimamanna annars vegar og gesta hins vegar hvað varðar salerni sem er að finna á þjóðhátíð. Langflestir nýta sér salernisaðstöðu sem finna má á svæðinu. Ekki var munur á svörum heimamanna og gesta við spurningunni hvort þeir myndu frekar kjósa að gera þarfir sínar í náttúrunni, sjá mynd 8 á bls 35.



Mynd 8: Þegar þú varst á Þjóðhátíð síðast, nýttir þú þér salernisaðstöðuna þar?

Mynd 9 sýnir að álíka hátt hlutfall heimamanna og gesta leitaði að ruslatunni til að losa sig við rusl á hátíðinni. Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri heimamenn en gestir sem söfnuðu ruslinu í ruslapoka eða týndu upp rusl sem varð á vegi þeirra. Jafnframt voru heimamenn síður líklegir til að henda ruslinu frá sér en gestir. Því virðast heimamenn sýna meiri ábyrgð gagnvart rusli en gestir.




Mynd 9: Síðast þegar þú varst á Þjóðhátíð, hvað gerðir þú oftast við ruslið? Hér má velja fleiri en einn valmöguleika.

6.3 Viðhorf til umgengni


Eftir að hafa rætt um umgengni í Herjólfssdal, fengið betri sýn í hvernig gestir hátíðarinnar nýta sér þær aðstæður sem í boði eru var áhugavert að sjá hvort gestum þætti umgengnin almennt góð eða slæm. Einnig hvað væri hægt að gera betur til að stuðla að betri umgengni. Meirihluti allra þeirra sem tóku þátt í spurningakönnuninni voru sammála því að umgengnin í Herjólfssdal á Þjóðhátíð er frekar slæm eða mjög slæm.

Mynd 10 sýnir viðhorf gesta og heimamanna til umgengi í Herjólfssdal á Þjóðhátíð. Rúmlega þriðjungur gesta taldi umgengnina í Herjólfssdal vera frekar slæma eða mjög slæma en hið sama átti við um öllu fleiri, eða tæplega helming heimamanna.



Mynd 10: Ef þú hugsar um umgengni í Herjólfssdal á Þjóðhátíð, finnst þér umgengnin heilt á litið vera góð eða slæm?

Mynd 11 sýnir að bæði heimamenn og gestir töldu annars vegar fleiri ruslatunnur eða jafnvel flokkunartunnur og hins vegar að koma af stað herferð og vekja þar með athygli á betri umgengni vera bestu leiðirnar til að minnka umhverfisáhrifin í Herjólfssdal. Bæði heimamenn og gestir voru einnig sammála því að önnur góð leið væri að koma af stað herferð og vekja athygli á betri umgengni, líkt og gert var með bleika filinn, sjá mynd 11 á bls 37.




Mynd 11: Hverja telur þú vera bestu leiðina til að minnka umhverfisáhrif í Herjólfssdal?

6.4 Viðhorf til umhverfisáhrifa


Flestir voru á því máli að umgengnin í Herjólfssdal sé slæm en ekki voru allir á sama máli um að auka ætti umfjöllun um umhverfisáhrifin sem hátíðin gæti haft í för með sér. Út frá því var reynt að komast að því hverskonar umhverfisáhrif hefðu mest áhrif á umhverfið.

Mynd 12 sýnir viðhorf gesta og heimamanna til aukinnar umfjöllunar um umhverfisáhrif á þjóðhátíð. Töluverður munur var á dreifingu svara eftir því hvort um var að ræða heimamenn eða gesti og voru gestir almennt jákvæðari í garð aukinnar umfjöllunar um umhverfisáhrif en heimamenn. Rúmlega 60% gesta myndu bregðast frekar vel eða mjög vel við aukinni umfjöllun en hið sama átti við um ríflega þriðjung heimamanna. Aftur á móti sögðust tæplega 15% heimamanna myndu bregðast frekar illa eða mjög illa við aukinni umfjöllun um umhverfisáhrif á þjóðhátíð samanborið við rúmlega 6% gesta, sjá mynd 12 á bls 38.




Mynd 12: Myndir þú bregðast vel eða illa við aukinni umfjöllun um umhverfisáhrif á Þjóðhátíð?

Rúmlega 55% allra svarenda töldu flugeldasýninguna hafa frekar eða mjög mikil áhrif á umhverfið. Mynd 13 sýnir að tæplega helmingur gesta töldu flugeldasýninguna hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif á umhverfið en hlutfallslega færri heimamenn voru á þeirri skoðun.




Mynd 13: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú flugeldasýninguna hafa á umhverfið?

Mynd 14 sýnir viðhorf gesta og heimamanna til umhverfisáhrifa hvað varðar umgengni í Herjólfssdal. Tæplega 60% gesta töldu umgengni í Herjólfssdal hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif á umhverfið, en hlutfallslega færri heimamenn, eða 40% voru á sömu skoðun.




Mynd 14: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú umgengni hafa á umhverfið?

Mynd 15 sýnir að gestir voru almennt á þeirri skoðun að ferðalög til og frá Vestmannaeyjum hafi áhrif á umhverfið. Þannig töldu tæplega 60% gesta ferðalög fólks til og frá Vestmannaeyjum hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif á umhverfið en hið sama átti við um mun færri heimamenn, eða 30%.



Mynd 15: Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú ferðalög fólks til og frá Vestmannaeyjum hafa á umhverfið?

Mynd 16 sýnir viðhorf gesta og heimamanna til kolefnislosunar. Lang flestir gestir og heimamenn töldu sig hvorki stuðla að mikilli né lítilli kolefnislosun með ferð sinni til Vestmannaeyja. Þó var töluverður munur á hlutfall þeirra sem töldu sig stuðla að mikilli og lítilli kolefnisjöfnun eftir því hvort um var að ræða heimamenn eða gesti. Næstum helmingur heimamanna taldi sig stuðla að frekar eða mjög mikilli kolefnislosun en hið sama átti við um riflega fjórðung gesta. Tæplega þriðjungur gesta töldu sig stuðla að frekar lítilli eða mjög lítilli kolefnislosun með ferð sinni til Vestmannaeyja en það átt við um einn af hverjum tíu heimamönnum.



Mynd 16: Telur þú þig stuðla að mikilli eða lítilli kolefnislosun með leið þinni til Vestmannaeyja

7 Umræður

Í upphafi ritgerðar voru settar fram rannsóknarspurningar sem verður svarað hér á eftir. Sú fyrri var: Hver er upplifun heimamanna og gesta af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?

Þegar niðurstöður viðtala voru greindar kom fljótt í ljós að upplifun af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er góð og báru viðmælendur söguna af Þjóðhátíð vel. Líkt og Van Houtte (2015) greindi frá, velja ferðamenn sér áfangastaði eftir vinsældum og aðgengi. Einnig kemur fram að vinsældir ferðamannastaða mótast út frá aðdráttarafla staðarins og reynslu gesta. Ljóst er að mikil tilhlökkun ríkir fyrir hátíðinni ár hvert og er sennilega hápunktur sumarsins hjá mörgum. Þeir heimamenn sem rætt var við voru á þeirri skoðun að Þjóðhátíð væri fyrst og fremst fjölskylduhátíð en væri einnig skemmtun fyrir fullorðna fólkið þegar líður á kvöldin og dansleikir hefjast og flestir með áfengi við hönd. Gestirnir voru þó á því máli að Þjóðhátíð væri fyrst og fremst fyllerís- og/eða tónlistarhátíð en töldu hátíðina auk þess vera fjölskylduvæna. Upplifun af hátíðinni er mismunandi eftir því hvort um er að ræða heimamann eða gest, líkt og MacCannel (1973) greindi frá.

Greining úr viðtölunum við heimamenn leiddi í ljós að brennan væri hápunktur Þjóðhátíðar en aðrir dagskrárliðir eins og hátíðarsetningin, flugeldasýningin, blysin og brekkusöngurinn væru ósmíssandi hlutur Þjóðhátíðar. Greining úr viðtölum við gesti var sú að þau voru sammála um að Þjóðhátíðarlögin, blysin og brennan væru hápunktur hátíðarinnar. Einnig kom skýrt fram að Þjóðhátíðarlögin væru stór hluti af hátíðinni. Þá kom m.a. í ljós að þessi gömlu góðu Þjóðhátíðarlög hafa mikla þýðingu og halda uppi góðum minningum sem áttu sér stað í Herjólfsdal og lifa þessi tilteknu lög lengi í minnum manna. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom einnig fram að Þjóðhátíðarlögin væru svokallaður lykill að hátíðinni. Allt frá því að lagið er tilkynnt í júlí og þangað til að stemningin nær hámarki í Herjólfsdal í ágúst. Því mætti segja að nokkuð margir margir mikilvægir þættir séu á Þjóðhátíð sem hámarkar þá upplifun sem á sér stað og mætti tengja við ákveðið sanngildi þegar fólk lifir sig inn í aðstæður á svæðinu þó mismunandi sé hvað hver og einn telur vera sanngildi (Wang, 1999).

Síðast en ekki síst er það fallega umhverfið í Vestmannaeyjum sem hefur áhrif á upplifunina og jákvæða upplifun. Flestir eru sammála um að Vestmannaeyjar búa yfir fallegri og einstakari náttúru og ýtir það undir allt það fallega sem á sér stað yfir helgina. Því er mikilvægt að huga að þessari dýrmætu náttúru og umhverfi svo komandi kynslóðir geti notið þeirra á sama máta. Þetta er til samræmis við umfjöllunarefni Brundtlandsskýrslunnar (1987) hvað varðar sjálfbæra þróun. Þjóðhátíðarlögin hafa nánast alltaf einhverja línu í lögnum sínum um umhverfið og náttúruna í Vestmanneyjum og margir sem ná að tengjast lögnum á þann veg.

Fljótt kom í ljós að viðmælendur rannsóknarinnar höfðu ekki mikið leitt hugann að þeim umhverfisáhrifum sem ættu sér stað yfir hátíðina. Greining leiddi þó í ljós að hægt væri að gera marga hluti betur þegar kemur að umgengni í Herjólfsdal. Sem dæmi má nefna er hægt að bæta salernisaðstöður, fjölga ruslatunnum og flokkunartunnum sem og að taka í notkun fjölnota glös sem stuðla að aukinni sjálfbærri viðburðarferðamennsku á svæðinu (Liu, 2018).

Hugtakið sjálfbærni er nú nánast óaðskiljanlegt þegar fjallað er um ferðapjónustu og er sérstaklega áberandi þegar kemur að stórum viðburðum (Hall, 2012) og á því við um Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Brekkan í dalnum er vægast sagt til skammar eftir hvert kvöld en hrósa má starfsmönnum og félagsmönnum ÍBV fyrir góða vinnu við hreinsun eftir hvert kvöld og ekki er að sjá á brekkunni daginn eftir þegar fjölskyldu- og barnaskemmtun hefst.

Meginniðurstöður meginlegu rannsóknarinnar var einkum að langflestir heimamenn sjá hátíðina sem fjölskylduskemmtun og tónlistarhátíð. Á meðan gestir hátíðarinnar sjá hana fyrst og fremst sem fyllerishátíð. Áhugavert var að lítil munur var á skoðunum gesta hvort hátíðin væri fjölskyldu-, fylleris- eða tónlistarhátíð. Gestir og heimamenn upplifa þjóðhátíðarlögin með mjög svipuðum hætti og var meginþorri sammála að þjóðhátíðarlögin vekji upp minningar um stað, stund og ákveðið umhverfi. Einnig voru margir á þeirri skoðun að þjóðhátíðarlögin væru lykillinn að Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Því má draga þá ályktun að þjóðhátíð væri ekki eins og hún er án þjóðhátíðarlaganna þar sem lögin virðast spila stórt hlutverk í upplifun gesta og heimamanna. Rusl virðist ekki hafa mikil áhrif á upplifun þeirra sem sækja hátíðina, en velta má því fyrir sér á hvaða tímabili ruslið gæti byrjað að hafa slæm áhrif þar sem flestir eru varir um frekar slæma umgengni þó hún hafi ekki beint áhrif.

Seinni rannsóknarspurningin sem lögð var fram var: Hvert er viðhorf gesta og heimamanna til umhverfisáhrifa í Herjólfssdal?

Greiningin leiddi í ljós að gestir og heimamenn eru meðvitaðir um slæma umgengni á meðan á hátíðinni stendur þó svo að umgengnin hafi ekki áhrif á upplifun þeirra. Spyrja má hvort hægt sé að stuðla að betri umgengni í Herjólfssdal fyrst þeir sem sækja hátíðina heim taka eftir að umgengni er ábótavant. Bent hefur verið á (sjá Mair, 2011) að mikilvægt er fyrir stjórnendur og skipuleggjendur að aðlaga sig og búa til stefnur sem gætu dregið úr þeim afleiðingum sem hafa áhrif á umhverfið. Lítið hefur verið rætt meðal heimamanna um að slæm umgengni eða umhverfisáhrif geti haft áhrif á upplifunina af þjóðhátíð. Góðar minningar um hamingju, ást og gleði sem ríkir í Herjólfssdal yfir þessa tilteknu hátíð virðast bera höfuð og herðar yfir öðru. Gestir hátíðarinnar eru þó mun opnari fyrir herferðum til að minnka áhrifin sem slæm umgengni getur haft í för með sér. Heimamenn virðast sjá aðra hlið en gestir þegar að þessum málum kemur og eru almennt mun neikvæðari í garð aukinnar umfjöllunar um umhverfisáhrif sem og betri umgengni í Herjólfssdal.

Samkvæmt O'Sullivan & Jackson (2002) snýst viðburðarferðamennska ferðalög frá heimili sínu og er ljóst að til að komast til Vestmannaeyja þarf að nota þær samgöngur sem í boði eru. Þeir ferðamátar sem hægt er að nýta sér eru skip og flugvélar sem eru vissulega mengandi líkt og Holzman (1997) greindi frá með sínum skrifum. Ísland er aðili að loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og ber skyldu að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda (Umhverfisráðuneytið, 2010a). Erfitt er þó að draga úr þeim slæmu áhrifum sem þessar samgöngur hafa í för með sér, heldur ætti að reyna að minnka þau áhrif sem eiga sér stað í Herjólfssdal yfir hátíðina. Bæði heimamenn og gestir telja slæma umgengni og umhverfisáhrif sem til dæmis umgengni, fólksflutningar og mengun frá brennu og flugeldum ekki hafa mikil áhrif á hátíðina sjálfa. Stór meirihluti þeirra sem tóku þátt í spurningakönnuninni töldu sig hvorki stuðla að mikilli né lítilli kolefnislosun með ferð sinni til Vestmannaeyja. Má því áætla að betri almenn umfjöllun um kolefnislosun myndi veita betri skilning á málum sem þessum. Eðlilega menga heimamenn ekki álíka mikið og gestir hátíðarinnar þessa tilteknu helgi þar sem ferðalag þeirra sem koma ekki frá Vestmannaeyjum telja langar vegalengdir með tveim eða fleiri farartækjum.

Þeir heimamenn sem eru með hvít tjöld í dalnum eru hvattir til að nota ruslagáma og henda flöskum en það nær sennilega einungis til þeirra heimamanna sem væru með slík tjöld. Heimamenn eru einnig líklegir til að vera með ruslapoka í brekkunni og tína upp það sem á vegi þeirra verður og henda í ruslagámana. Flestallir sem sækja hátíðina leita sérstaklega að ruslatunnu á svæðinu til að henda rusli frá sér. Slíkt vekur upp þá hugsun að vöntun sé á fleiri ruslatunnum ef einstaklingar sem hafa áhuga á að henda ruslinu frá sér í tinnur þurfi að leita sérstaklega að ruslatunnum. Eins og fram hefur komið getur aukinn fjöldi ruslatunna stuðlað að betri notkun meðal þeirra sem ekki nenna að leita að ruslatunnum og henda þar með ruslinu frá sér þar sem þau eru staðsett hverju sinni. Það eitt og sér gerir ferðamenskuna mun sjálfbærari (United Nations, 1972) þegar rusli er hent í ruslatunnur. Þátttakendur spurningakönnunarinnar höfðu einnig mikinn áhuga á því að fá flokkunartunnur í Herjólfssdal. Því má segja að viðhorf gesta og heimamanna á þjóðhátíð til aukinnar flokkunar sé jákvætt. Einnig má velta því fyrir sér hvort rusl og slæm umgengni í Herjólfssdal hafi áhrif á ákvörðunartöku um gististað. Rúmlega 70% allra sem sækja hátíðina gista í heimahúsi frekar en í tjaldi í Herjólfssdal.

Ein lausn er að koma af stað einhvers konar herferð þar sem ítrekað væri að ganga vel um dalinn og hvetja fólk til þess að henda rusli í ruslatunnur á svæðinu. Það eitt og sér myndi hafa góð áhrif í för með sér og gæti haft jákvæð áhrif umhverfið sem og stuðla að betri upplifun þeirra sem sækja hátíðina.

8 Lokaorð

Eins og fram hefur komið var markmið rannsóknarinnar að kanna upplifun og viðhorf gesta og heimamanna til þjóðhátíðar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að upplifun sem og viðhorf á þjóðhátíð er almennt mjög góð. Margt er ábótavant sem tengist hátíðinni en þeir sem sækja hátíðina horfa jákvæðum augum á breytingar sem gætu stuðlað að betri umgengni og minnkað þau umhverfisáhrif sem geta átt sér stað á meðan á hátíðinni stendur. Ekki hafa margar rannsóknir verið gerðar á umhverfisáhrifum af völdum skipulagðra viðburða. Ekki hafa heldur verið margar rannsóknir gerðar á upplifun af þjóðhátíð né þeim umhverfisáhrifum sem gætu átt sér stað yfir hátíðina. Við teljum þetta vera mikilvægt skref í rétta átt og vonum að þessi rannsókn gefi sýn í það sem betur væri hægt að gera til að varðveita þessa hátíð.

Mikilvægt er að nefna að einungis voru tekin fjögur viðtöl, tvö við heimamenn og tvö við gesti. Ekki er því hægt að alhæfa um upplifun allra því ef sömu viðtöl yrðu tekin við aðra einstaklinga er möguleiki á að niðurstöður rannsóknarinnar yrðu öðruvísi en þær sem fengust með þessari rannsókn. Eflaust fengust ítarlegri niðurstöður ef viðmælendur hefði verið fleiri, í hvorum hóp fyrir sig.

Einnig ber að nefna að spurningakönnun sem var send út á samfélagsmiðlinum *Facebook* náði ekki til allra þeirra sem hafa sótt hátíðina. Vert er að nefna að ekki er hægt að fullyrða að þátttakendur spurningakönnunninnar myndu svara oft. Spurningakönnunin var opin öllum og gátu allir svarað eins oft og þeim lysti. Einungis var óskað eftir þátttöku þeirra í spurningakönnunni sem hefðu sótt hátíðina a.m.k. einu sinni. Fleiri þátttakendur í rannsókninni og fleiri viðmælendur hefðu gefið skýrari mynd af upplifun af þjóðhátíð. Notast var við tilgangsrúttak og er því ekki hægt að alhæfa um allt þýðið því ekki er hægt að reikna skekkjumörk. Skekkja gæti verið í niðurstöðum þar sem þeir sem ekki hafa aðgang að interneti eða samfélagsmiðlum áttu ekki kost á að taka þátt í könnuninni. Góður valkostur hefði verið að hafa símakönnun úr Þjóðskrá til að ná til breiðari aldurshóps. Ekki var spurt um þær neikvæðu hliðar hátíðarinnar sem viðmælendur í viðtölunum komu inn á einfaldlega vegna þess að slíkt á ekki við í þessari rannsókn. Teljum við það þó mikilvægan punkt en áherslan er á umhverfi og upplifun. Rannsóknin er að vissu leyti að skapa nýja þekkingu á þessu sviði þó að ýmsar takmarkanir líti dagsins ljós.

Það sem betur hefði mátt gera betur í þessari rannsókn er að hafa opnar spurningar svo að svör þátttakenda kæmu skýrar fram. Eins og með valmöguleikanum *annað* hefði verið áhugavert að sjá hvað þátttakendur hefðu í huga. Ákjósanlegt hefði verið að hafa fleiri spurningar til að ná betur utan um málefnið. Tillögur til úrbóta væru því að ræða við fleiri sem hafa sótt hátíðina til þess að fá enn dýpri skilning á málefni og upplifun þeirra sem hafa farið á þjóðhátíð.

Í þessari rannsókn hafa umhverfisáhrif af völdum skipulagðra viðburða verið gerðar að umfjöllunarefni. Niðurstöður rannsóknar leiddu í ljós viðhorf til umhverfistengdra þátta, en mældu ekki umhverfisáhrifin. Þessi rannsókn bendir þannig á nauðsyn þess að slíkar mælingar séu gerðar. Auk þess myndi gefa aukinn skilning á viðhorfum til umhverfistengdra þátta að mæla umhverfisáhrif. Áhugavert væri að taka viðtöl við skipuleggjendur þjóðhátíðar

til að fá betri sýn inn í skipulagningu og þá vinnu sem lögð er í hátíðina. Ásamt því að skoða hvort Þjóðhátíðarnefnd og skipuleggjendur séu með ákveðna áætlun og markmið til að koma í veg fyrir þau umhverfisáhrif sem eiga sér stað. Þar sem tæplega 70% þeirra sem tóku þátt í rannsókninni voru á því máli að með fjölgun ruslatunna, og jafnvel flokkunartunna, og mögulegri herferð um betri umgengni væri hægt að minnka töluvert þau umhverfisáhrif sem eiga sér stað í dalnum. Væri því fróðlegt að sjá hvort að Þjóðhátíðarnefnd og Vestmannaeyingar væru tilbúnir að hrinda af stað herferð um betri umgengni í Herjólfssdal og hvort það yrði raunhæfur möguleiki fyrir komandi hátíðir að setja upp fleiri ruslatunnur.

Þessi rannsókn gaf okkur betri sýn inn í þau umhverfisáhrif sem kunna að eiga sér stað og munum við vera meðvitaðari þegar kemur að almennri umgengni í Herjólfssdal. Við teljum okkur sem og marga aðra gesti geta gert betur í þeim málum í átt að sjálfbærari hugsun á viðburðinum. Við teljum að þessi rannsókn gefi góða og skýra sýn á það að margt sé hægt að gera til þess að stuðla að betri umgengni sem myndi leiða til minni umhverfisáhrifa. Þættir eins og að bæta við ruslatunnum, jafnvel flokkunartunnum, koma af stað herferð sem hvetur fólk til að ganga betur um eru til dæmis hlutir sem auðvelt væri að framkvæma. Þjóðhátíð er frábær hátíð sem hefur mikla þýðingu fyrir mjög marga og er mikilvægt að halda vel utan um hátíðina og hennar sjarma sem er hamingja, ást og gleði í fallegu umhverfi ásamt ástvinum.

Heimildir

- Árni Johnsen. (1989). Farvegur Eyjanna í fegursta tungutaki. *Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja, Týr 1989*, 7-13.
- Bubbi Morthens. (á.á.). Eyjan græna (Þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja 2009). Sótt 20. janúar 2019 af: http://www.bubbi.is/index.php?option=com_content&task=view&id=988
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útgáfa). Oxford: Oxford University Press.
- Butler, R. W. (2004). *Tourism, environment, and sustainable development*. *Tourism: Critical Concepts in the Social Sciences*, 18(3), 201-209.
- Dalurinn. (á.á.). Þjóðhátíðarnefnd hefur starfað með Bleika filnum forvarnarhópi frá árinu 2012. Sótt 20. janúar 2019 af: <https://dalurinn.is/is/page/forvarnir>.
- Dalurinn. (á.á.). Dagskrá þjóðhátíðar 2017. Sótt 20. janúar 2019 af: <https://dalurinn.is/is/page/dagskra>.
- Dalurinn. (á.á.). Vissir þú að. Sóttt 3. janúar af: <http://sm.ibvsport.is/skrar/skjol/VISSIRA.pdf>
- Du Plessis, C. (á.á.) 2001. *Agenda 21 for Sustainable Construction in Developing Countries: First Discussion Document*. CSIR, Pretoria and CIB: Rotterdam.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.
- Gangwar, K.K., Joshi, B.D. og Swami, A. (2006). Noise pollution status at four selected intersections in commercial areas of Bareilly Metropolitan city. *Himalayan Journal of Environment and Zoology*, 20(1), 75- 77.
- Getz, D. (1989). Special events: Defining the product. *Tourism management*, 10(2), 125-137. doi.org/10.1016/0261-5177(89)90053-8
- Getz, D. (2010). The nature and scope of festival studies. *International Journal of Event Management Research*, 5(1). Sótt 8. janúar 2019 af: <http://www.ijemr.org/wp-content/uploads/2014/10/Getz.pdf>
- Getz, D. (1997). *Event management and event tourism* (1st ed.). New York: Cognizant Communications Corp.
- Getz, D. (2008). Event Tourism: Definition, Evolution, and Research. *Tourism Management*, 29(3), 403-428. doi:10.1016/j.tourman.2007.07.017

- Goffman, E. (1956). *The presentation of self in everyday life*. Edinburgh: University of Edinburgh.
- Guo, Y., Jia, Y., Pan, X., Liu, L., og Wichmann, H. E. (2009). The association between fine particulate air pollution and hospital emergency room visits for cardiovascular diseases in Beijing, China. *Science of The Total Environment*, 407(17), 4826-4830.
- Hall, Michael C. (2012). Event management. *Sustainable mega-events: beyond the myth of balanced approaches to mega-event sustainability*, 16(2), 119-131.
- Hall, Michael C. og Lew, A. A. (1998). *Sustainable tourism: a geographical perspective*. London: Longman.
- Heimaslóð. (á.á). Þjóðhátíðin. Sótt þann 3. janúar 2019 af: <http://heimaslod.is/index.php/%C3%9Ej%C3%B3h%C3%A1t%C3%AD%C3%B0in>
- Helgi J. (2017). Lífið er yndislegt. Sótt 20. janúar 2019 af: <https://glatkistan.com/2017/02/28/lifid-er-yndislegt/>.
- Henderson, S., & Musgrave, J. (2014). Changing audience behaviour: festival goers and throwaway tents. *International Journal of Event and Festival Management*, 5(3), 247-262. doi:10.1108/IJEFM-11-2013-0031
- Holzman. (1997). Plane pollution. *Environmental Health Perspectives*, 105(12), 1300-1305.
- Indriði G. Þorsteinsson. (1986). *Þjóðhátíðin 1974, II. bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Jón Jónsson. (á.á). Ljúft að vera til. Sótt 20. janúar 2019 af: <https://www.jonjonsson.is/ljft-a-vera-til>.
- Kynferðisbrot tilkynnt á þjóðhátíð. (2015, 9. október). *Mbl.is*. Sótt 3. janúar 2019 af: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/10/09/5_kynferdisbrot_tilkynnt_a_thjodhatid/.
- Liu, Y. (2018). Legacy Planning and Event Sustainability: Helsinki as the 2012 World Design Capital. *Sustainability*, 10(7), 2453. doi:10.3390/su10072453
- MacCannell, D. (1973). Staged Authenticity: Arrangements of Social Space in Tourist Settings. *American Journal of Sociology*, 79(3), 589-603.
- Mair, J. (2011). Events and climate change: an Australian perspective. *International Journal of Event and Festival Management*, 2(3), 245-253. doi:10.1108/17582951111170308
- Negrusa, A., Toader, V., Rus, R., & Cosma, S. (2016). Study of Perceptions on Cultural Events' Sustainability. *Sustainability*, 8(12), 1269. doi:10.3390/su8121269

- O'Sullivan, D. og Jackson, M. (2002). Festival tourism: A contributor to sustainable local economic development? *Journal of Sustainable Tourism*, 10(4), 325-342.
doi.org/10.1080/09669580208667171
- Orkusparnefnd. (2008). *Eldsneytisspá 2008-2050*. Reykjavík: Orkustofnun.
- Richards, G. (2007). Culture and authenticity in a traditional event: The views of producers, residents, and visitors in Barcelona. *Event Management*, 11(1-2), 33-44.
- Saarinen, J. (2006). Traditions of sustainability in tourism research. *Annals of Tourism Research*, 33(4), 1121-1140.
- Sagar, T.V. og Rao, G.N. (2006). Noise pollution levels in Visakhapatnam city (India). *Journal of Environmental Science and Engineering*, 48(2), 139-142.
- Samet, J. M., Dominici, F., Curriero, F. C., Coursac, I. og Zeger, S. L. (2000). Fine particulate air pollution and mortality in 20 U.S. cities, 1987-1994. *The New England Journal of Medicine*, 343(24), 1742-1749.
- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Singh, N. og Davar, S. C. (2004). Noise Pollution- Sources, Effects and Control. *Journal of Human Ecology*, 16(3), 181-187.
- Sunyer, J., Jarvis, D., Gotschi, T., Garcia-Esteban, R., Jacquemin, B., Aguilera, I., et al. (2006). Chronic bronchitis and urban air pollution in an international study. *Occupational Environmental Medicine*, 63(12), 836-843.
- Swarbrooke, J. (1999). *Sustainable tourism management*. Cambridge: CABI Publishing.
- Tólf ofbeldismálum of mikið. (2016, 4. ágúst). *Mbl.is*. Sótt 3. Janúar 2019 af:
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/08/04/tolf_ofbeldismalum_of_mikid/
- Umhverfisráðuneytið. (2002). Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Velferd_til_framtidar_2002.pdf
- Umhverfisráðuneytið. (2010a). *Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum*. Sótt 10. febrúar af:
https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf?fbclid=IwAR2Q4zEz5prCD9wQLbOPt0O7PD29_yGTH5XjtSNbpz_YhtiKU-dd1NrdioE
- UNESCO. (1992). The Rio Declaration on Environment and Development. Sótt 12. mars af:
http://www.unesco.org/education/pdf/RIO_E.PDF
http://www.unesco.org/education/pdf/RIO_E.PDF?fbclid=IwAR0OTvT3Z2HbyVr-va7Jdr9zGoZccB5TnXiukEqdF90ZEx8Yo4iGejznhVQ

- United Nations. (1972). Report of the United Nations Conference on the Human Environment. Sótt af: <http://www.un-documents.net/aconf48-14r1.pdf>
- United Nations. (1992a). United nations framework convention on climate change. Sótt af: <https://unfccc.int/resource/docs/convkp/conveng.pdf>
- United Nations. (1992b). Agenda 21. Sótt 10.febrúar af: <https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/Agenda21.pdf>
- United Nations Division for Sustainable Development. (1992). Agenda 21: *United Nations Conference on Environment & Development*. Sótt 10. febrúar af: <https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/Agenda21.pdf?fbclid=IwAR2KZndestnNyc-W3nmjF4dcTayFqtsIJ8bQ3XM0nU-whgFOTMYFYU1h32I>
- United Nations. (1998). Kyoto protocol to the united nations framework convention on climate change. Sótt af: <https://unfccc.int/resource/docs/convkp/kpeng.pdf>
- United Nations. (2015). Paris Agreement. Sótt 24. mars af: https://unfccc.int/sites/default/files/english_paris_agreement.pdf
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar skýringamyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Van Houtte, M. (2015). *Sustainable tourism management in protected areas using a systemic approach: A case study from Þingvellir National Park, Iceland* (óútgefin meistarasritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Verkefnisstjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. (2018). *Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030*. Sótt 12.mars af: <https://www.mbl.is/media/47/10847.pdf>
- Vilhelm. (2015). Brekkan í Herjólfsdal með tendruðum blysum.[stafræn mynd]. Sótt 23. mars af: <https://www.visir.is/g/2015151008612/fimm-kynferdisbrot-a-thjodhatid-tilkynnt-til-logreglu>.
- Umhverfissráðuneytið. (2010a). *Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum*. Sótt 12.febrúar af : https://www.stjornarradid.is/media/umhverfissraduneyti-media/media/PDF_skrar/Adgerdaaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf?fbclid=IwAR2Q4zEz5prCD9wQLbOPt0O7PD29_yGTH5XjtSNbpz_YhtiKU-dd1NrdioE
- Waite, G. (2003) Social impact of the Sydney Olympics. *Annals of Tourism Research*, 30(1), 194-215.
- Wang, N. (1999). Rethinking Authenticity in Tourism Experience. *Annals of Tourism Research*, 26(2), 349-370. Doi:10.1016/S0160-7383(98)00103-0
- Whitehead, M. (2014). Sustainability. Í Cloke, P., Crang, P. og Goodwin, M. (ritstj.), *Introducing Human Geographies* (bls. 448-460). New York, NY: Routledge.

World commission on environment and Development, & World Commission on environment and Development. (1987). *Our common future*. Delhi: Oxford, Univ. Press.

WOW air. (á.á). *Myntsöfnun um borð*. Sótt 5. febrúar 2019 af :<https://wowair.is/um-okkur/wow-air-landvernd/>

World Tourism Organization. (1972). *International Tourism: A Global Perspective*. Sótt 12. mars af:
http://www.ontit.it/opencms/export/sites/default/ont/it/documenti/archivio/files/ONT_1997-01-01_00959.pdf?fbclid=IwAR1miqt-kriIY6CBWruNtf2GVuf29rvLv_ZcpQUP8h6TBuImv5EdKQNQZh4

Þorsteinn Gunnarsson. (2002). Þjóðhátíðin í Herjólfsdal frá fornu fari. *Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja*.

[Ótitluð ljósmynd af hátíðarsvæðinu] [stafræn mynd]. (2018). Sótt 23. mars af <https://eyjafrettir.is/2018/07/23/ogildir-midar-a-thjodhatid-2018/>

Viðauki A – Viðtalsrammi

Upplifun +/-

- Gestir
- Skipulagning
- Herjólfsdalur/umhverfi (ástand á náttúru, rusl, tjöld)
- Dagskrá (lögin)
- Samgöngur (umhverfisáhrif)
- Hegðun

- * Hver er upplifun þín af Þjóðhátíð
- * Hvað finnst þér vera það besta við Þjóðhátíð?
- * Finnst þér vera eitthvað slæmt við Þjóðhátíð?
- * Hvernig kemur þú þér til Vestmanaeyja?
- * Hefur þú leitt hugann að því að það gæti haft umhverfisáhrif í för með sér?
- * Hvernig finnst þér umgengnin í dalnum yfir Þjóðhátíð?
- * Hvernig væri hægt að ganga betur um dalinn?
- * Hvað finnst þér um fjölda gesta á Þjóðhátíð?
- * Hvernig myndir þú lýsa Þjóðhátíðarlögunum?
- * Hafa Þjóðhátíðarlögin einhverja þýðingu fyrir þig og þína fjölskyldu?
- * Hvaða dagskrárlið hlakkar þig mest til?
- * Ertu stressuð/aður fyrir einhverju á Þjóðhátíð?
- * Drekkur þú áfengi á Þjóðhátíð?
- * Hvaða umhverfisþáttur heldur þú að komi verst út eftir Þjóðhátíð?

Viðauki B – Kynning á viðfangsefni rannsóknarinnar og rannsakerndum

Til upplestrar eða til að senda í tölvupósti

Við undirritaðar, Kristín Thelma Birgisdóttir og Þorgerður Anna Atladóttir, erum nemendur í Ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Við erum að vinna að lokaverkefni okkar í náminu, nánar tiltekið BS ritgerðinni okkar. Ritgerðin fjallar um upplifun heimamanna og gesta af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Þessi rannsókn í sér að skoða hvort heimamenn og gestir telji umhverfisáhrif eiga sér stað yfir hátíðina. Leiðbeinendur í verkefninu eru Edda Ruth Hlín Waage og Ásdís Aðalbjörg Arnalds.

Rannsóknin byggir á viðtölum við heimamenn Vestmannaeyja sem og gesti sem sækja hátíðina. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð, til að tryggja að rétt verði haft eftir viðmælendum. Við heitum viðmælendum okkar fullum trúnaði. Í því felst að nöfn þeirra verða hvergi birt og að við munum fara með viðtalsgögnin sem trúnaðarmál.

Okkur þætti vænt um ef þú sæir þér fært að taka þátt í þessu verkefni og veita okkur viðtal um hugmyndir þínar, skoðanir, og/eða upplifanir af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Með fyrirfram þökkum,
Kristín Thelma og Þorgerður Anna.

Viðauki C - Yfirlýsing um upplýst samþykki



Samþykkisyfirlýsing fyrir þátttakendur í BS rannsókn á upplifun heimamanna og gesta af Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum.

Rannsóknin er unnin er af Kristínu Thelmu Birgisdóttur og Þorgerði Önnu Atladóttur.

Þátttaka í rannsókninni felur í sér viðtal um skoðanir, upplifun og hugmyndir á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Viðmælendum er heitið trúnaði. Í því felst að farið verður með viðtalsgögnin sem trúnaðarmál. Einnig að í umfjöllun um rannsóknina og í niðurstöðum hennar verður nöfnum viðmælenda haldið leyndum, sem og öllum persónugreinanlegum upplýsingum.

Ég staðfesti hér með undirskrift minni að veita viðtal vegna ofangreindrar rannsóknar.

Undirskrift þátttakanda

Staður og dagsetning

Viðauki D – Spurningakönnun

Hversu oft hefur þú farið á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum?

- a) Aldrei
- b) Einu sinni til tvisvar sinnum
- c) Þrisvar til fjórum sinnum
- d) Fimm til tíu sinnum
- e) Oftar en tíu sinnum
- f) Vil ekki svara

Síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð, hvar gistir þú?

- a) Í tjaldi
- b) Í heimahúsi
- c) Á gistiheimili
- d) Gisti ekki í Vestmannaeyjum
- e) Annað
- f) Vil ekki svara

Ef þú hugsar um umgengni í Herjólfsdal á Þjóðhátíð, finnst þér umgengnin heilt á litið vera góð eða slæm?

- a) Mjög góð
- b) Frekar góð
- c) Hvorki góð né slæm
- d) Frekar slæm
- e) Mjög slæm
- f) Vil ekki svara

Hvaða þýðingu hafa þjóðhátíðarlögin fyrir þig?

- a) Þau vekja upp minningar um stað, stund og ákveðið umhverfi
- b) Þetta eru bara venjuleg lög
- c) Hef ekki skoðun á þessu
- d) Þau taka mig til baka í Herjólfsdal
- e) Þau eru lykillinn að Þjóðhátíð
- f) Annað
- g) Vil ekki svara

Þegar þú varst á þjóðhátíð síðast, nýttir þú þér salernisaðstöðuna þar?

- a) Já
- b) Nei, nýtti mér frekar heimahús
- c) Nei, gerði heldur þarfir mínar í náttúrunni
- d) Annað
- e) Vil ekki svara

Síðast þegar þú varst á Þjóðhátíð, hvað gerðir þú oftast við ruslið?

- a) Safnaði ruslinu saman í ruslapoka
- b) Leitaði að ruslatunnu
- c) Henti því yfirleitt frá mér þar sem ég var staðsett/ur hverju sinni
- d) Henti því í ruslatunnu og týndi aukalega upp það sem ég sá í kringum mig
- e) Annað
- f) Vil ekki svara

Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú ferðalög fólks til og frá Vestmannaeyjum hafa á umhverfið?

- a) Mjög lítil
- b) Frekar lítil
- c) Hvorki lítil né mikil
- d) Frekar mikil
- e) Mjög mikil
- f) Vil ekki svara

Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú flugeldasýninguna hafa á umhverfið?

- a) Mjög lítil
- b) Frekar lítil
- c) Hvorki lítil né mikil
- d) Frekar mikil
- e) Mjög mikil
- f) Vil ekki svara

Ef þú leiðir hugann að umhverfisáhrifum af völdum Þjóðhátíðar, hversu mikil eða lítil áhrif telur þú umgengni hafa á umhverfið?

- a) Mjög lítil
- b) Frekar lítil
- c) Hvorki lítil né mikil
- d) Frekar mikil
- e) Mjög mikil
- f) Vil ekki svara

Myndir þú bregðast vel eða illa við aukinni umfjöllun um umhverfisáhrif á Þjóðhátíð?

- a) Mjög vel
- b) Frekar vel
- c) Hvorki vel né illa
- d) Frekar illa
- e) Mjög illa
- f) Vil ekki svara

Hvers konar hátíð er Þjóðhátíð að þínu mati?

- a) Fjölskylduskemmtun
- b) Fyllerishátíð
- c) Tónlistarhátíð
- d) Annað
- e) Vil ekki svara

Telur þú þig stuðla að mikilli eða lítilli kolefnislosun með leið þinni til Vestmannaeyja?

- a) Mjög mikilli
- b) Frekar mikilli
- c) Hvorki mikilli né lítilli
- d) Frekar lítilli
- e) Mjög lítilli
- f) Vil ekki svara

Hverja telur þú vera bestu leiðina til að minnka umhverfisáhrif í Herjólfsdal?

- a) Fjölnota glös
- b) Fleiri klósett
- c) Fleiri ruslatunnur, jafnvel flokkunartunnur
- d) Koma af stað herferð og vekja athygli á betri umgengni (líkt og gert var með bleika filinn)
- e) Hef ekki farið á Þjóðhátíð
- f) Annað
- g) Vil ekki svara

Hvert er kyn þitt?

- a) Kona
- b) Karl
- c) Annað
- d) Vil ekki svara

Hvar býrð þú?

- a) Höfuðborgarsvæðinu
- b) Vestmannaeyjum
- c) Norðurlandi
- d) Austurlandi
- e) Vesturlandi
- f) Vestfjörðum
- g) Reykjanes
- h) Suðurlandi, utan Vestmannaeyjar
- i) Bý ekki á Íslandi
- j) Vil ekki svara

Ef þú býrð ekki í Vestmannaeyjum, hvernig fórstu til Vestmannaeyja síðast þegar þú fórst á Þjóðhátíð?

- a) Með skipinu Herjólf
- b) Með flugvél
- c) Með bíl
- d) Hef ekki farið á Þjóðhátíð
- e) Vil ekki svara
- f) Annað

Eitthvað annað sem þú vilt koma til skila?

Viðauki E – Valin Þjóðhátíðarlög

Lífið er yndislegt, Þjóðhátíðarlag árið 2001

Lag / texti: Hreimur Örn Heimisson)

“Á þessu ferðalagi fylgjumst við að,
við eigum örlítinn vonarneista fyrir hvort annað.

Í ljósu mánaskini vel ég mér stund og segi;
ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig,
ég væri ekkert án þín, myrkrið hverfur því að
lífið er yndislegt, sjáðu það er rétt að byrja hér,
lífið er yndislegt með þér.”

(Helgi J, 2017).

Eyjan græna, þjóðhátíðarlag árið 2009.

Lag / texti: Bubbi Morthens

“Eyjan mín eyjan mín.

Fagra græna

eyjan mín eyjan mín

fagra græna.

Fyrir löngu síðan fóru tyrkirnir
í ferð upp að Íslandsströndum
og í Vestmannaeyjum ætluðu sér
alla að taka höndum.

Um miðja nótt neyddist fólk að flýja
glóandi hraun yfir húsin að streyma
menn héldu þá aldrei aftur sneru
eyjamenn til síns heima
en eyjan mín, eyjan mín stóð það af sér
en eyjan mín, eyjan mín stóð það af sér”
(Bubbi Morthens).

Ljúft að vera til, þjóðhátíðarlag árið 2014.

Lag / texti : Jón Jónsson

“Í Herjólfsdalnum, við lífsins njótum.

Það er svo ljúft að vera til.

Vináttuörvum allt í kring skjótum.

Samveran veitir birtu og yl.

Hér er hamingja, ást og gleði.

Stemmingin í dalnum er svo blíð.

Forréttindi að vera með íveisluhöldunum á þjóðhátíð”
(jonjonsson.is).